

Séra Sigurður er í yngri kantinum



Baráttan vinnst í litlum skrefum



Áfram stelpur! Áfram Ísland!

Hugsum í framtíð

TM

Tímamót > 18

Lífið > 26

FRÉTTABLAÐIÐ

146. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 20. JÚLÍ 2022



Listamaðurinn Guðmundur Guðmundsson, þekktari undir nafninu Erró, varð niræður í gær og í tilefni af því var ókeypis aðgangur að sýningu á verkum hans í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Sýningin, sem ber nafnið Erró: Sprengikraftur mynda, er yfirlitssýning sem rekur gjörvallan feril Errós og samanstendur af rúmlega 300 verkum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kaup ríkissjóðs á hluta höfuðstöðva Landsbankans sögð vera í uppnámi

Norðurhúsið í nýja Landsbankahúsinu við Austurhöfn hefur verið hluti af framtíðarskipan Stjórnarráðsins, en nú er óvíst hvort af kaupsamningi ríkis og banka verði.

ser@frettabladid.is

STJÓRNARRÁÐIÐ Fyrirhuguð kaup ríkisins á rösklega sex þúsund fermetra skrifstofurými í norðurhúsi nýja Landsbankans við Austurhöfn munu vera komin í strand. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins, en ráðgert var að utanríkisráðuneytið myndi flytja að stærst-

um hluta starfsemi sína í húsið og jafnvel annað minna ráðuneyti. Málið er á hendi forsætisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, en óeining mun vera á milli þeirra um kaupin. Landsbankinn mun ekki vera með önnur kauptilboð í húsnæðið sem er riflega þriðjungur af flatarmáli nýju byggingarinnar. Ráðuneytin vinna í sameiningu að framtíðarskipan húsnæðismála Stjórnarráðsins og er markmiðið að starfsemi þess verði komið fyrir í sveigjanlegu og nútímalegu húsnæði í námunda við hvert annað til að skapa tækifæri til samnýtingar, samstarfs og hagræðingar.



Landsbankinn er í 98 prósentu eigu ríkisins.

Í því efni hefur verið horft til þess að minnka húsnæði ráðuneytanna um tíu af hundraði, en eignir Stjórnarráðsins á svokölluðum Stjórnarráðsreit við Skúlagötu, Sölvhólgötu, Lindargötu, Lækjargötu og fyrirhuguð eign við Austur-

bakka eru samtals 27 þúsund fermetrar – og eiga, samkvæmt úttekt fyrrgreindra ráðuneyta, að geta auðveldlega rúmað starfsemi allra ráðuneyta Íslands, auk Umbru, þjónustumiðstöðvar Stjórnarráðsins. En nú eru um sex þúsund af þessum fermetrum í uppnámi og óvíst að af samningum við Landsbankann verði, en rétt er að taka fram að hann er í 98 prósentu eigu ríkisins. Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, vildi ekki tjá sig um samningaviðræður við ríkið um kaup á umræddu norðurhúsi. SJÁ SIÐU 6

Reglur mikilvægar fyrir rafmyntirnar

MARKAÐURINN Daði Kristjánsson, einn af stofnendum rafmyntasjóðsins Visku Digital Assets, segir að skýrar leikreglur séu mikilvægar fyrir þróun rafmyntaheimsins. Daði stofnaði sjóðinn Visku Digital Assets sem er fyrsti fagfjárfestasjóðurinn sem sérhæfir sig í rafmyntum á Íslandi. Daði segir mikilvægt að hafa regluverk þegar kemur að rafmyntum. Hann starfaði í um 15 ár á fjármálamarkaði, nú síðast hjá Fossum, áður en hann ákvað að stofna sjóðinn. „Ég vil að rafmyntir séu eignaflokkur sem hefur girðingar innan eðlilegra marka, en að sjálfsögðu má regluverkið ekki vera of íþyngjandi þannig að það hamli allri framþróun.“ SJÁ SIÐU 8

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE

NÚ ER TÍMI FYRIR SUMMER SALE



Uppblásin Hamarshöll snýr ekki aftur.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Vilja Hamarshöll úr föstum efnum

gar@frettabladid.is

SVEITARSTJÓRNIR Nýr meirihluti Okkar Hveragerðis og Framsóknar í bæjarstjórn Hveragerðis hefur ákveðið að nýtt íþróttahús úr „föstum efnum“ verði byggt á grunni hinnar uppblásnu Hamars-hallar sem fauk út í veður og vind 22. febrúar í vetur sem leið.

„Upplýsingar sem komið hafa frá Duol, hinum slóvenska framleiðanda á loftbornu íþróttahúsi, hafa verið ófullnægjandi og ekki fengist mikilvægar upplýsingar um gæði dúksins og ástæðu þess að húsið féll þann 22. febrúar síðastliðinn,“ segir í bókun meirihlutans sem vill „varanlegri lausnir“ í nýju húsi sem verði tilbúið haustið 2023.



Þessi ákvörðunarfærni um efni í nýja Hamars-höll setur allt íþróttalíf í Hveragerði í uppnam.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Hveragerðis

Fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks sem áður fóru með meirihluta í Hveragerði í sextán ár sögðust í bókun hafa áhyggjur af því að uppbygging Hamars-hallarinnar væri ekki hafin. Eins árs hönnunar- og framkvæmdatími sé „algerlega óraunhæfur,“ bókðu Sjálfstæðismenn, sem kváðust enn telja að reisa ætti „loftborna“ höll.

„Eins og komið hefur fram í umræðum á þessum fundi hafa ekki borist nægilega skýr svör við mikilvægum spurningum frá Duol og er óábyrgt að taka ákvörðun um kaup á slíku húsi án þess að þær upplýsingar liggi fyrir eins og Sjálfstæðisflokkurinn virðist vilja gera,“ svöðu fulltrúar nýja meirihlutans. ■

Fastur í Hörpu



Húsbíll af sverari gerðinni festist nokkuð rækilega í gættinni á bílastæðahúsinu í Hörpu í gærðag og sat þar lengi svo rækilega skorðaður á milli lofts og gólfs að jafnvel dugði ekki að hleypa úr dekkjunum til að koma honum á burt. Þurfti dráttarbil til þess að lokum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mínútu þögn fyrir stúlkuna sem lést

gar@frettabladid.is

SKAFTÁRHREPPUR „Samfélagið okkar er í sárum en það er einmitt á svona stundu sem virkilega reynir á samheldni og samhug í okkar litla samfélagi,“ segir sveitarstjórn Skaftárhrepps sem hóf fyrsta fund sinn eftir banaslysið á Meðallandsvegi 8. júlí með einnar mínútu þögn.

Tvítug stúlka lést í slysinu sem varð er bill valt. Tveir aðrir slösuðust. Kveðst sveitarstjórn votta fjölskyldu stúlkunnar innilega samúð, ásamt öllum sem eigi um sárt að binda.

„Hugur okkar er einnig hjá þeim sem komust lífs af í slysinu, en ljóst er að þeir eiga erfitt ferli og óskum við þeim og aðstandendum þeirra alls hins besta,“ segir sveitarstjórnin. Útför stúlkunnar verður gerð næsta á laugardag. ■

Ekki einn einasti andarungi lifir út sumarið á Mývatni

Vondar fréttir fyrir anda-stofninn á Mývatni. Hrun mýstofnsins leiðir til fæðuskorts, enginn ungi kemst á legg. Betri tíð í vændum næsta sumar.

bth@frettabladid.is

MÝVATNSSVEIT Árni Einarsson, líffræðingur hjá Rannsóknarstöðinni við Mývatn, segir að ekki einn einasti andarungi muni komast á legg þetta sumarið við vatnið. Ástæðan er skortur á mýi við vatnið, mikilvægustu fæðu unganna.

„Ég var að koma úr rannsóknarferð og niðurstaðan er að það var hreinlega ekki eina einustu mýlirfu að finna á botni Mývatns,“ segir Árni.

Árni hefur rannsakað sveiflur í lífríki Mývatns um áratuga skeið. Hann segir ekkert að órtast þótt svona ástand komi upp, það gerist reglulega. Um sé að ræða náttúrulegar sveiflur, þar sem skiptist á skin og skúrir.

„En við getum fullyrt að ekki einn einasti andarungi komist á legg hér á vatninu í sumar,“ segir Árni.

Eini unginn sem blaðamaður Fréttablaðsins sá á vatninu í gær og náði að mynda virðist samkvæmt þessu bráðfeigur. Einhverjir ungar gætu þó að sögn Árna orðið að öndum við Laxá, þökk sé mývarginum, eða bitmýinu, sem aldrei hverfur alveg þótt hinar tegundir mýsins sveiflist mjög.

Helgi Héðinsson, athafnamaður, veiðibóndi og varaþingmaður Framsóknarflokksins á Geiteyjarströnd, vonar að áhrif mýhrunsins geti orðið mildari en ella á viðgang silungins í vatninu, því urriðinn í Mývatni og stærri bleikjur hafi étid hornsíli af miklum móð undanfarið. Silungurinn sé býsna feitur og pattaralegur.



Helgi Héðinsson telur hornsílið bjarga miklu hvað varðar mýleysið og silunginn í vatninu.
FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN



Við getum fullyrt að ekki einn einasti andarungi komist á legg hér á vatninu í sumar.



Árni Einarsson, líffræðingur

Að sögn Helga afrækti húsöndin snemmsumars vegna fæðuskorts. Við bakka Geiteyjarstrandar mátti sjá örfáar fullorðnar endur í gær en engan andarunga.

„Svona er þetta vatn, það eru miklar sveiflur en ekkert sem ástæða er til að hafa áhyggjur af,“



Svona er oft umhorfs í Mývatnssveit en ekki í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN

sagði Helgi. Afkastamikið reykhus er hjá Helga en hann reidir sig ekki bara á silung úr vatninu.

Árni Einarsson segir að vænta megi þess að næsta sumar hefjist uppsveifla með kröftugri viðspyrnu. Ferðamenn þurfa þá aftur að banda frá sér suðandi flugum en ávinningurinn felst í blómlegra fugla- og fiskalífi. Sú er einmitt helsta ástæða þess að Mývetningar hafa lítið mýið öðrum og jákvæðari augum en gestir sem eiga leið um. ■

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30

Fréttaumfjöllun fyrir alla.
í opinni dagskrá á virkum dögum
á Hringbraut og frettabladid.is

FRÉTTA
VAKTIN

h

HRINGBRAUT

Nýr MG ZS EV

Til afhendingar í ágúst



Endurræsa
Endurhugsa
Endurhlaða

Nýr MG ZS EV er hinn fullkomni 100% rafbíll fyrir daglegan akstur, útréttingar og spennandi ferðir út úr bænum þegar þér dettur í hug. MG tekur hagkvæman, rafdrifinn akstur enn lengra með ferskri hönnun, uppfærðri tækni og tvenns konar rafhlöðukostum sem opna enn fleiri leiðir til framtíðar.

MG ZS EV 50 kWh Comfort

320 km WLTP drægni*, 500 kg dráttargeta, 7 ára ábyrgð!
Verð: 4.390.000 kr.

mgmotor.is

Recharge yourself



*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.mgmotor.eu/is-IS/

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Klæðningin á nýja bankanum vegur yfir þrjú hundruð tonn

ser@frettabladid.is

FASTEIGNIR Stuðlabergsklæðningin sem nú er verið að setja utan á nýja Landsbankahúsið við Austurhöfn í Reykjavík vegur ekki undir þrjú hundruð tonnum, en verkið er vel á veg komið og hefur að vonum vakið mikla athygli meðal vegfarenda, ekki síst útlendinga.

Um er að ræða íslenskt blágrýti sem kemur úr Hrepphólanámu í Hrunamannahreppi, sem er rík af

stuðlabergi – og er hver tilsniðinn steinn sem fer utan á bygginguna 60 til 120 sentimetrar á lengd og er klæðningin alls um 3.300 fermetrar.

Nýja húsið er alls 16.500 fermetrar að stærð, auk tæknirýma og bílakjallara sem nýtist öllu svæðinu. Bankinn mun nýta um 10.000 fermetra en selja eða leigja út 6.500 fermetra, þar á meðal norðurhúsið, en um skeið hafa staðið yfir viðræður við Stjórnarráðið um kaup á þeim hluta fyrir utanríkisráðuneytið og

eftil vill fleiri ráðuneyti, sem munu nú vera í uppnámi, svo sem fram kemur á forsiðu blaðsins í dag.

Ætla má að um 650 starfsmenn Landsbankans vinni í nýja húsinu sem leysir af hólmi að minnsta kosti tólf önnur skrifstofuhús bankans í Kvosinni og í Borgartúni. Sparnaður bankans vegna flutninganna er áætlaður um 500 milljónir króna á ári.

Áætlað er að full starfsemi verði komin í húsið undir árslok. ■



Nýja Landsbankahúsið klæðist nú stuðlabergi. Það er stallað, fimm hæðir við Geirsgötu en ein hæð næst Hörpu. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**



Ingibjörg Sigurjónsdóttir við verðlaunaathöfnina. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Fékk verðlaun úr sjóði Guðmundu

thorgrimur@frettabladid.is

MENNING Myndlistarkonan Ingibjörg Sigurjónsdóttir vann í gær til Guðmunduverðlaunanna sem í ár voru veitt í tilefni af níutíu ára afmæli listamannsins Errós. Er það styrkur úr Listasjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur, sem Erró stofnaði í nafni móðursystur sinnar.

Ingibjörg hefur unnið verk á borð við þrívíða skúlptúra, lágmyndir og rýmisverk, teikningar og málaðar myndir. Eru verkin sögð einkennast af hverfulleika sem endurspeglar í efnisvali og framsetningu. ■

Vilja aðgang að getnaðarvörnum

thorgrimur@frettabladid.is

BANDARÍKIN Demókratar á Bandaríkjaþingi hafa lagt fram frumvörp til þess að festa rétt samkynhneigðra til hjónabands og aðgang að getnaðarvörnum í landslög.

Litið er á þetta sem viðbrögð við niðurstöðu Hæstaréttar í byrjun mánaðarins þar sem horfið var frá fordæminu í Roe v. Wade um að rétturinn til þungunarrofs væri stjórnarskrárvarinn. ■

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna, segir stórfelldar stýrivaxtahækkanir Seðlabankans eina skýringu þess að matarverð hækkar meira hér á landi en annars staðar í Evrópu milli mánaða.

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Í verðkönnun sem Veritabus gerði í síðustu viku í netverslunum Krónunnar, Nettó, Hagkaupa og Heimkaupa kemur fram að vegin hækkun matvöru milli júní og júlí er 1,5 prósent. Matarkarfan hækkar um 2,2 prósent í Krónunni og Hagkaupum og um 0,6 prósent í Heimkaupum. Í Nettó lækkar karfan hins vegar um 0,3 prósent.

Veritabus kannaði einnig verð á sömu körfu í Tesco í Bretlandi og Mercadona á Spáni. Hækkunin í mynt hvors lands var 0,8 prósent hjá Tesco og 1,2 prósent hjá Mercadona. Að þessu sinni reyndust of mikil frávik í mælingum í ICA í Svíþjóð og Franprix í Frakklandi til að hægt væri að nota til samanburðar.

Samkvæmt þessu virðist matarverð á Íslandi hafa hækkað heldur meira en í Bretlandi og á Spáni. Ástæður meiri hækkana hér á landi eru meðal annars umtalsverðar hækkanir á kjöti. Í Krónunni hækkuðu til dæmis kjúklingabringur um átta prósent og ungnautahakk um 10 prósent. Þess er þó getið að bæði lambalæri og heill kjúklingur hafi lækkað um sex prósent.

Smásalar sem Fréttablaðið ræddi við segja tilkynningar um miklar verðhækkanir frá birgjum sífellt dynjau á þeim. Fréttablaðið hefur undir höndum tilkynningar frá



nokkrum birgjum þar sem verulegar hækkanir eru tilkynntar.

Í byrjun júní tilkynnti Stjórnugrís viðskiptavinum sínum um 8,5 prósentu hækkun á öllum kjötafurdum fyrirtækisins frá og með 15. júní. Um síðustu mánaðamót tilkynnti ÓJ&K/Ísam um verðhækkanir á bilinu 3-23 prósent á nokkrum vörum frá og með 1. ágúst. Adeins mánuði fyrr tilkynnti fyrirtækið um hækkanir á fjölmörgum vörum á bilinu 4-45 prósent frá og með 1. júlí. Ekki var þó um sömu vörur að

Mikil hækkun á kjöti er orsök þess að matarkarfan hækkar meira hér á landi en annars staðar í Evrópu. **FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM**

„Bændur eru skuldsettir og vaxtahækkanir Seðlabankans lenda á þeim af fullum þunga.“



Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna

sumar dýrari vörur og velja ódýrari kosti. Þetta sé þegar farið að sjást.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna, segir stýrivaxtahækkanir Seðlabankans meiri en sést hafa í öðrum löndum, og meðal þess sem skýrir meiri hækkun matarkörfunnar hér á landi en annars staðar í Evrópu.

„Margir bændur eru skuldsettir og vaxtahækkanir Seðlabankans lenda á þeim af fullum þunga. Þetta hefur áhrif á verð til neytenda.“

Veritabus hefur einnig gert verðbólguþá og samkvæmt henni hækkar verðlag á Íslandi um 1,1 prósent milli mánaða, sem þýðir að 12 mánaða verðbólga er 9,5 prósent. Hagstofan birtir vísitölu neysluverðs fyrir júlí nú á föstudaginn. Veritabus spáir að 12 mánaða hækkun vísitölunnar verði 9,3 prósent og munurinn skýrist meðal annars af því að Hagstofan vanmeti tiltekna undirliði vísitölunnar. ■

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á frettabladid.is. Innlendar og erlendar fréttir, léttar fréttir, íþrótt fréttir, viðskiptafréttir, skoðanapistla, spottið og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum.



NÝR RENAULT MEGANE E-TECH

100% rafmagn



Hrein hönnun Hrein tækni Hrein tilfinning

Nýr og spennandi Renault Megane E-Tech er mættur! 100% rafbíll með allt að 470 kílómetra drægni*. Hrein hönnun, hrein tækni og hrein tilfinning í rúmgóðum og snjallvæddum bíl sem er tilbúinn að flytja þig inn í framtíðina.

Verð frá: **5.390.000 kr.**

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhófða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



*Uppgöfnartölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturleg, hlusta og stönd vegu hafa áhrif á drægni rafbíla.

ENNEWW / SIA / NK011753



Volodijmijr Havrijlov, aðstoðarvarnarmálaráðherra Úkraínu.
MYND/VARNARMÁLARÁÐUNEYTI ÚKRAÍNU

Yfirgefi Krím eða hverfi sem þjóð

gar@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Árásir á Svartahafsflota Rússa á Krímskaganum eru nú í bígerð í Úkraínu. Þetta segir Volodijmijr Havrijlov, aðstoðarvarnarmálaráðherra Úkraínu, við The Times í London.

Að sögn Havrijlovs eru Úkraínumenn að fá búnað til að geta ráðist á skip og fyrr eða síðar verði ráðist á rússnesk skip. „Rússar verða að yfirgefa Krím ef þeir vilja komast af sem þjóð,“ segir Havrijlov. Rússar innlimuðu Krímskaga með valdi árið 2014.

Dmítrí Peskov, talsmaður stjórnsvalda í Kreml, segir orð Havrijlovs sýna hvers vegna „sérstök hernaðaraðgerð“ Rússa sé nauðsynleg. ■



Steve Bannon í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPÁ

Bannon efast um kviðdómendur

thorgrimur@frettabladid.is

BANDARÍKIN Kviðdómur var í gær skipaður í réttarhöldum yfir Steve Bannon, fyrrverandi ráðgjafa Donalds Trump Bandaríkjaforseta.

Bannon er ákærður fyrir að sýna Bandaríkjaþingi óvirðingu með því að neita að bera vitni um árásina á þinghúsið 6. janúar 2021.

Réttarhöldin hófust á mánudag og verjendur Bannons vörðu fyrsta deginum í að fá kviðdómendur metna vanhæfa vegna viðhorfa gagnvart Bannon. Meðal annars væri einn vanhæfur því hann sagði ummæli Bannons um að „taka á óvinum eins og á miðöldum“ hneykslanleg.

Bannon fór fram á að réttarhöldunum yrði frestað um mánuð vegna ágreinings um það hvort nota megí samskipti Bannons og rannsóknarnefndarinnar sem sönnunargögn. Dómarinn féllst ekki á það. ■

London að stikna

thorgrimur@frettabladid.is

BRETLAND Slökkviliðsmenn í London áttu fullt fangi með að hemja elda í hitabylgjunni í gær. Dagurinn var sá heitasti í sögu landsins. Nam hitinn víðast um fjórutíu gráðum..

Einn stærsti eldurinn kviknaði á grasbreiðu í Wennington í austurhluta London. Hann breiddist út til íbúða í hverfinu og um 100 slökkviliðsmenn fóru á vettvang.

Slökkviliðið bað fólk að hringja aðeins í neyðarlinuna í algerum neyðartilfellum og brýndi fyrir borgarbúum að kveikja ekki á grillum og halda ekki útbrennur. ■

Fjarfundir Covid-tímans halda áfram og SAS nær ekki fyrri viðskiptavinum

Ein af ástæðum þess að SAS á í rekstrarvanda er sú að reynsla af fjarfundum varð betri en séð varð fyrir. Kúnnahópur sem flaug fyrir Covid á vinnufundi hefur stórminnkað ferðalög. Umhverfisáhrifin vega þungt í slíkum ákvörðunum.

bth@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Vandamál vegna undirmönnunar á flugvöllum og tíðra flugraskana hafa ekki aðeins komið niður á farþegum síðustu vikur heldur ekki síður flugfélögunum sjálfum.

Rekstur flugfélaga er heilt yfir erfiður um þessar mundir og í sumum tilvikum bætist vandinn við áður uppsafnaðan vanda vegna alheimsfaraldurs Covid-19 og menningarbreytinga á ferðavenjum vegna faraldursins.

Scandinavian Airlines (SAS) tilkynnti fyrr á árinu áætlun um að endurskoða starfsemi sína til að tryggja það sem stjórnendur kölluðu „sjálfbæra efnahagslega framtíð“. Áætlunin, sem kallast SAS Forward, fól í sér niðurskurð kostnaðar um marga milljarðatugi, endurskoðun á flotanum, stafræna umbreytingu og öflun nýs fjármagns.

Það sem ekki komst inn í áætlanir SAS um framtíðina var sú breyta að eftir að áhrif Covid fóru að dvína hefði það komið atvinnulífinu á Norðurlöndunum á óvart hve hægt væri að spara mikinn kostnað með því að taka upp fjarfundi á tímum kórónaveirunnar í stað ferðalaga.

Þeir sem bjuggust við að allt yrði eins og fyrir faraldur höfðu rangt fyrir sér, að því er fram hefur komið í fjölmiðlum víða um heim. Vísbendingar eru um að þessi breyting hafi bitnað harðar á SAS en mörgum öðrum flugfélögum.

Eftir að áhrif faraldursins hurfu að mestu, sjá mörg einkafyrirtæki og hluti hins opinbera enn enga ástæðu til að taka aftur upp fyrri hætti með fundaðferðalögum.

Við þessar breytingar missir SAS líkt og mörg önnur flugfélög spón úr aski sínum. Breytingin á ekki síst við um opinbera starfsmenn sem minnkandi kúnnahóp en einnig skrifstofufólk og stjórnendur í einkageiranum. Aukin áhersla á minni losun og jákvæð umhverfisáhrif þegar farþegi sleppir því að fljúga, spila einnig rullu.



Það er ekkert grín að fljúga þessa dagana. Mikil röskun er áskorun fyrir flugfélög jafnt sem farþega. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



SAS er ekki eina félagið sem berst í bökkum en breytingar á fundamenningu hafa bitnað harðar á SAS en sumum öðrum félögum. MYND/ADSENDE

Erlendir sem innlendir fjölmiðlar hafa fjallað nokkuð um menningarlegar breytingar í kjölfar Covid. Rekstur sem byggði á módelum sem þóttu föst í hendi hefur í sumum geirum tekið meiri breytingum en nokkurn óraði fyrir.

Síðasti vetur var sérlega grimmur í þessum efnum. Skandinavískir sérfræðingar höfu búist við tapi hjá SAS sem næmi á milli 200 og 215 milljónum dala á fyrsta ársfjórðungi. Hins vegar tapaði SAS 276 milljónum dala fyrir skatta af 565 milljóna dala rekstrartekjum.

Í ársfjórðungsskýrslu sinni sagði flugfélagið að áætlunin yrði að takast, þar sem ferðamynstur fólks hefði breyst: „SAS þarfnast nýrrar byrjunar frekar en nokkru sinni.“ Sú byrjun lætur enn á sér standa.

Líkt og hjá Icelandair hafa breyttar markaðsaðstæður og aukin samkeppni einnig sett svip á rekstur SAS og marga annarra stærri félaga. Í Noregi hefur SAS staðið frammi fyrir harðri samkeppni frá Norwegian Air og nýjum lággjalda-keppinauti, Flyr, sem hóf starfsemi meðan á heimsfaraldri stóð. Flyr



Eftir að áhrif faraldursins hurfu að mestu, sjá mörg einkafyrirtæki og hluti hins opinbera enn enga ástæðu til að taka aftur upp fyrri hætti með endalausum fundaðferðalögum.

stækkar hratt. Eru lággjaldafélög sögð hafa átt auðveldara með að aðlaga sig breytingum en flugfélög sem buðu upp á meiri þægindi og þjónustu.

Vandamál SAS eru þó ekki ný af nálinni. SAS Forward er ekki eina sparnaðar- og hagræðingaráætlun sögunnar heldur var árið 2012 kynnt neyðaráætlun sem bar heitið Final Call. Flugrekstur félagsins stóð þá mjög tæpt en var bjargað á ögurstundu.

Áætlað er að skuldir SAS nemi nú 500-600 milljónum dala. ■

Gamla Lækjarkot verður senn hluti af nýju hóteli

ser@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Hvíta húsið við Lækjargötu 10 í Reykjavík verður brátt hluti af nýju Hótel Reykjavík Sögu sem er verið að taka í gagnið nú í sumar.

Í hótelinu verða alls 130 herbergi, en hvíta húsið fær sérstakt hlutverk við hliðina á meginbyggingu þess, en þar verður sýningarrými fyrir þá muni sem fundust við uppgröftinn í grunni hótelsins, auk aðstöðu fyrir aðrar sýningar sem koma og fara, á vegum listamanna og safnara.

Í kjallara hússins verður svo kaffihús í anda hússins sem á sér langa sögu, en það var reist af Þorsteini Tómassyni járnsmið og fjölskyldu hans 1877 og var húsið í eigu hennar fram yfir miðja síðustu öld, en lengi vel var járnsmiðja í kjallaranum.

„Þetta er steinhlaðið hús,“ segir



Sýningarsalir og kaffihús verða í nýuppgerðri Lækjargötu 10. Reiturrinn á sér langa sögu og þar stóð áður torfbærinn Lækjarkot. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur

Guðjón Friðriksson sagnfræðingur, „og er að því leyti merkilegt að í það var notað kalk úr Esjunni úr kalkofninum utar í götunni til að líma saman steinana,“ bætir hann við og segir torfbæ hafa staðið á lóðinni áður en Þorsteinn reisti hvíta húsið, nefnt Lækjarkot.



Þessi reitur verður ein sæla.



Davið Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela

„Þessi reitur verður ein sæla,“ segir Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela sem reka Hótel Reykjavík Sögu, en skjólgóður garður verður einnig í þessari hótelpyrpingu sem er að myndast á milli Skólabrúar og Vonarstrætis. ■

JS WATCH CO. REYKJAVÍK

*Sennilega
Heimsins Minnsti
Úlra
Framleiðandi*

g



JS Watch co.
REYKJAVÍK

ÚRSMÍÐAMEISTARI OKKAR MISSIR ALDREI EINBEITINGUNA

*Sif N.A.R.T. 1948
Vatnspétt niður
á 1000 metra*



Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra. Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

*Dimmblá burstuð skifa
með sjálfvísandi stöfum
og vísun*

*Handsaumuð leðuról
úr hágæða leðri*

*Burstaður kassi
úr 316L læknaástali*

*Svissneskt sjálfvindugangverk
í hæsta gæðaflokki*

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Kynntu þér málið á
www.jswatch.com



Skoðun

Magdalena Anna
Torfadóttir

Bóla eða ekki

Á undanförnum misserum hafa átt sér stað miklar hækkanir á fasteignamarkaði. Þessar hækkanir hafa bæði verið drifnar áfram af aukinni eftirspurn eftir húsnæði í kjölfar vaxtalækkana Seðlabankans og skorti á framboði á húsnæði. Þegar maður lítur á þessar hækkanir er eðlilegt að velta fyrir sér hvort bóla sé til staðar á fasteignamarkaði eða ekki.

Í byrjun þessa mánaðar var greint frá því að fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans teldi að vísir að eignabólu gæti verið til staðar á íbúðamarkaði. Í kjölfar þeirra fregna birtust viðtöl við hina ýmsu sérfræðinga þar sem þeir lýstu því yfir að þetta mat væri líklega rétt. Það sé augljóslega mikið misvægi á eftirspurn og framboði og slíkt gangi ekki til lengdar og því geti leiðrétting verið í kortunum.

Þó eru sumir sem vilja meina að fasteignamarkaðurinn sé þess eðlis að lækkanir geti ekki átt sér stað.

En staðreyndin er sú að verðlækkanir á fasteignamarkaði geta að sjálfsögðu átt sér stað, líka að nafnvirði, eins og á öllum öðrum eignamörkuðum. Hann hefur vissulega ýmsa eiginleika sem gera hann frábrugðinn öðrum eignamörkuðum en það breytir því ekki að lækkanir geta átt sér stað.

Fasteignaverð hefur hækkað um rúmlega 25 prósent á höfuðborgarsvæðinu á síðustu 12 mánuðum samkvæmt tölum frá Þjóðskrá sem birtar voru í gær. Leita þarf langt aftur í tímann til að finna viðlíka hækkanir. Árstakturinn hefur ekki verið hærri síðan 2005 að nafnvirði en þá fór hann hæst í rúmlega 40 prósent. Sé lítið til landsbyggðarinnar hafa jafnframt verið miklar hækkanir þar.

Ýmislegt bendir þó til að staðan muni skána á næstu misserum. Stýrivaxtahækkanir Seðlabankans og hert lánþegaskilyrði munu að öllum líkindum koma til með að kæla markaðinn að einhverju leyti. Greiningardeildir bankanna spá því auk þess að aukið framboð af húsnæði komi inn á markaðinn seinna á þessu ári og mun það einnig hafa áhrif á fasteignaverð. Aftur á móti hafa Samtök iðnaðarins gefið út að þrátt fyrir fjölgun íbúða í byggingu sé enn mikill skortur og í nýrri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur fram að fjölgun íbúða hér á landi hafi ekki haldið í við fjölgun íbúa.

Undirrituð ætlar ekki að spá fyrir um hvort bóla sé til staðar á fasteignamarkaðnum eða ekki. Það er hins vegar afar líklegt að hægja muni verulega á hækkunum á fasteignamarkaði og við munum líklega koma til með að sjá lækkanir á næstu misserum að minnsta kosti að raunvirði. Ef svo skyldi fara að efnahagsfall myndi ríða yfir gætum við einnig séð lækkanir á nafnvirði á fasteignamarkaðnum.

Stóra spurningin er hvort það þýði að bóla sé til staðar á markaðnum eða ekki. ■



Daði Kristjánsson, einn af stofnendum Visku Digital Assets segist vilja sjá skýrt regluverk í kringum rafmyntir sem sé þó ekki of íþyngjandi.

MYND/ADSEND

Segir að innleiðing rafmynta sé mun hraðari heldur en internetsins

Einn af stofnendum rafmyntasjóðsins Viska Digital Assets segir að rafmyntir verði sá eignaflokkur sem verði hvað mest vaxandi á næstu árum. Hann segist vonast eftir að skýru regluverki verði komið á í kringum þennan eignaflokk.

magdalena@frettabladid.is

Viska Digital Assets er nýtt félag sem leggur áherslu á fjárfestingar í rafmyntum og er fyrsti fagfjárfestasjóðurinn sem sérhæfir sig í rafmyntum á Íslandi.

Daði Kristjánsson, einn af stofnendum Visku Digital Assets, segist hafa þá sýn að rafmyntir verði sá eignaflokkur sem verði mest vaxandi á næstu árum. Daði starfaði á fjármálamarkaði í um 15 ár, nú síðast hjá Fossum, og tók nýlega þá ákvörðun að stofna rafmyntasjóð.

„Þetta var mjög erfið ákvörðun. Mér leið vel hjá Fossum og margir spennandi hlutir eru að gerast á þeim vettvangi. En eftir að hafa legið yfir þessum eignaflokki sem rafmyntir eru þá fannst mér svo mikil tækifæri liggja þar að ég gat ekki lengur setið á mér með það,“ segir Daði og bætir við að hann telji að sú gerjun sem eigi sér stað í rafmyntaheiminum nú sé sambærileg og átti sér stað þegar internetið var að ryðja sér til rúms.

„Notkunin á rafmyntum hefur vaxið jafnt og þétt. Rafmyntainnleiðing er að aukast tvöfalt hraðar heldur en innleiðing internetsins á sínum tíma. Notkun internetsins óx um 65 prósent á ári en notkun á rafmyntum hefur vaxið um 113 prósent að meðaltali á ári. Þegar internetið var að ryðja sér til rúms á sínum tíma tók til dæmis hálf tíma að hlada niður einu tónlistarlagi og á þeim tíma grunaði fólk ekki að internetið myndi breyta heiminum. Það má líkja þessu við það sem er að gerast í rafmyntaheiminum.“

Daði bendir á að sum gagnrýni sem rafmyntir hafa fengið á sig sé réttmæt. Það sé vissulega mikið af slæmum verkefnum í rafmyntaheiminum sem beri að vara sig á.



Daði segir að þeir sem hafa keypt Bitcoin án þess að skuldsetja sig og haldið til lengri tíma hafi grætt vel.

MYND/GETTY

”

Rafmyntainnleiðing er að aukast tvöfalt hraðar heldur en innleiðing internetsins á sínum tíma.

„Það má vissulega gagnrýna suma hluti en þegar einhverjir stíga fram og segja að rafmyntir hafi verðmæti núll og byggja það á engum rökum, það er brandari. Það eru um 300 milljónir manns sem eru að nota þessa tækni og að sú staðreynd sé afskrifuð af sjálfskipuðum sérfræðingum sem hafa ekki kynnt sér málin er algörlega galið.“

Daði segir jafnframt að það vanti betra regluverk hér á landi og víðar þegar kemur að rafmyntum.

„Ég kem úr þessu hefðbundna fjármálaumhverfi og ég vil sjá regluverk þegar kemur að þessu. Ég

vil að rafmyntir séu eignaflokkur sem hefur girðingar innan eðlilegra marka þannig að verið sé að vernda fólk og neytendur. Ég vil þó ekki hafa regluverkið of íþyngjandi þannig að það hamli allri framþróun.“

Hann bætir við að Bandaríkin séu að stíga áhugaverð skref í þá átt. Í mars kom tilskipun frá Joe Biden, forseta Bandaríkjanna, um að bæta regluverk þegar kemur að rafmyntum með það fyrir augum að tryggja að Bandaríkin séu fremst í heiminum á þessu sviði.

„Þetta var stórt skref því með þessu eru Bandaríkin að líta á rafmyntir með opnum hug. Þau eru að segja að í þessum heimi verða verðmæti búin til líkt og var með internetið á sínum tíma. Málið er að því skýrara regluverk sem við sköpum í kringum þennan heim, því fleiri stofnana fjárfestar munu koma að borðinu. Stofnana fjárfestar eru klárlega byrjaðir að fjárfesta í þessum eignaflokki erlendis en ekki að neinu ráð hér heima.“

Daði segir að þær lausnir sem séu dreifstýrðar í rafmyntaheiminum virki betur heldur en þær sem séu miðstýrðar. Það sé mikill misskilningur að allar rafmyntir hafi það sem markmið að verða alheims-

gjaldmiðill. „Með rafmyntum er verið að reyna að leysa mjög mismunandi vandamál. Við höfum séð að þær lausnir sem hafa orðið hvað verst úti eru lausnir sem eru miðstýrðar eins og til dæmis rafmyntavettvangurinn Celsius sem var að reyna að verða eins konar banki innan rafmyntaheimsins. Aftur á móti er fullt af flottum lausnum sem eru dreifstýrðar,“ segir Daði og bendir í því samhengi á lausnina Aave. Sú lausn virkar þannig að hægt er að gera svokallaðan snjallsamning þar sem tekið er lán gegn veði og ef lántaki stendur ekki við samninginn er veðið sjálfkrafa selt og lánveitandinn fær því sitt.

Hann bætir við að rafmyntir séu góður fjárfestingarkostur ef horft er yfir lengri tímabil.

„Í gegnum söguna ef við horfum til dæmis á bitcoin, sem er í raun fyrirlíði í rafmyntaheiminum, þá hafa þeir sem hafa keypt bitcoin án þess að skuldsetja sig og hafa haldið því yfir lengri tímabil hagnast verulega á því. Síðan má ekki gleyma að það er margt spennandi að gerast í rafmyntaheiminum. Bitcoin er í raun eins og stafrænt gull en það er ýmislegt annað í gangi og má í raun segja að sú gerjun sé næsti Kisildalur.“ ■

SUMMARFRÍ

4 VIKUR

26 kr.

AFSLÁTTUR

Skráðu þig á orkan.is

Vertu með afsláttinn í áskrift

Veldu þínar **4 vikur** og tankaðu með **26 kr. afslætti*** með Orkulyklinum í sumar.

Orkan — Ódýrasti hringurinn



*Gildir ekki á Orkunni Bústaðavegi, Dalvegi, Reykjavíkurvegi og Mýrarvegi, en þar gildir okkar allra lægsta verð.

Ferðapjónustan komin til baka af fullum krafti



Magdalena Anna Torfadóttir
magdalena@frettabladid.is

Aðalhaffræðingur Stefnis segir ýmislegt benda til þess að ferðapjónustan sé komin til baka af fullum krafti. Framkvæmdastjóri Analytica segir að þó bjart sé fram undan sé óvissan mikil.

magdalena@frettabladid.is

Leiðandi hagvísir Analytica hækkaði áfram í júní og þrátt fyrir ýmsa óvissuþætti eru horfur á efnahagsbata að minnsta kosti fram eftir seinni árshelmingi.

Yngvi Harðarson, framkvæmdastjóri og stofnandi Analytica, segir í samtali við Markaðinn að það sé helst þróun í alþjóðamálunum sem sé óvissuþátturinn.

„Framvinda í stríðinu í Úkraínu og þau áhrif sem þetta hefur á hrávöruverð og verðbólgu,“ segir Yngvi og bætir við að það séu vísbendingar um að innlendir hagvísar séu að gefa eftir.

„Það er til dæmis að debetkortavelta innanlands virðist vera að minnka og svartsýni fer vaxandi. Aðrir hagvísar eru upp á við eins og þróun í ferðapjónustu og innflutningur er að aukast. Það má búast við að hann haldi áfram að aukast samhliða auknum umsvifum í ferðapjónustu, byggingaframkvæmdum og slíku.“

Konráð S. Guðjónsson, aðalhaffræðingur sjóðastýringarfyritækisins Stefnis, segir í samtali við Markaðinn að ágætis teikn séu á lofti þó áskoranir séu fram undan. „Ég myndi segja að heilt yfir séu ágætishorfur þó svo það séu ýmsir óvissuþættir sem geta breytt miklu,“ segir Konráð og bætir við að það sé athyglisvert að það séu misvísandi skilaboð í hagtölum. Það sé þó eðlilegt þar sem ferðapjónustan sé stór atvinnugrein hér á landi og þegar hún komi til baka verði uppsveiflan meiri hér en annars staðar.

„Það má samt ekki horfa fram hjá því að við erum háð alþjóðlegri þróun. Við erum ekki búin að bita úr nálinni með þessa miklu verðbólgu, síðan má ekki gleyma kjara-viðræðunum sem eru fram undan og ýmislegt annað en heilt yfir má segja að við séum á ágætis stað.“



Yngvi segir að búast megi við að innflutningur aukist samhliða auknum umsvifum í ferðapjónustu.
FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÐÓR



Yngvi Harðarson, framkvæmdastjóri og stofnandi Analytica

Konráð segir að fullyrða megi að ferðapjónustan sé komin til baka af miklum krafti. Umsvifin í ferðapjónustunni fari að verða svipuð og á árunum 2016 og 2017.

„Það er óhætt að segja að ferðapjónustan er að koma til baka. Okkur varð oft tíðrætt um það á árunum 2016 og 2017 að við værum að drukna í ferðamönnum. Kortavelta ferðamanna nú er mjög svipuð því sem hún var árið 2019 áður en faraldurinn kom,“ segir Konráð og bendir á að þó megi ekki gleyma að nú sé mikill skortur á bilaleigubílum og þar fram eftir götunum.



Konráð S. Guðjónsson, aðalhaffræðingur Stefnis

„Einnig eru hnökrar á flugvöllum erlendis og fyrr má nú vera þegar risastór atvinnugrein stoppar og fer aftur á fullt á nánast einni nóttu, þá má alveg búast við því að það komi upp einhver vandamál.“

Yngvi segir að tölurnar bendi til þess að ferðamönnum fjölgi verulega.

„Það er til dæmis mikil aukning í kortaveltu þó hún sé ekki hluti af hagvísinum en við sjáum að erlenda kortaveltan er að aukast mikið umfram fjölgun ferðamanna. Það eru jákvæð teikn líka.“

Hann bætir við að þó geti blíkur

verið á lofti því þó horfurnar líti nokkuð vel út fram eftir ári og líklega fram á næsta ár, sé töluverð óvissa þar á eftir.

„Það er ýmislegt sem bætir við að við getum séð viðsnúning í pípunum þó hagvísirinn gefi ekki merki um það.“

Konráð segir að þar sem við séum búin að vera í hröðum og snörpum viðsnúningi getum við búið okkur undir að hagkerfið geti kólnað fyrr eða síðar. Það þurfi ekki endilega að vera slæmt en gæti birst í því að það muni hægja verulega á hagvexti. „Ef það gerist erlendis þá mun það fyrr eða síðar smitast hingað og við gætum séð það gerast á næsta ári. En þá verður vonandi hagvöxturinn í takt við tvö til þrjú prósent sem er eðlilegt til lengri tíma. Það kæmi mér ekki á óvart ef hagvöxturinn í ár myndi nálgast 6 prósent miðað við hvernig fyrri helmingur þessa árs var.“ ■

RAFMÓTORAR

588 80 40

www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Segir vísbendingar um að markaðurinn sé að kólna aðeins

magdalena@frettabladid.is

Visitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu í júní hækkaði um 2,2 prósent á milli mánaða og á síðastliðnum 12 mánuðum hækkaði hún um 25 prósent. Þetta kemur fram í tölum frá Þjóðskrá. Fjölbýli hækkaði um 2,6 prósent meðan sérbýli hækkaði um 0,8 prósent milli mánaða.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhaffræðingur Íslandsbanka, segir að vísbendingar séu um að fasteignamarkaðurinn sé að kólna aðeins.

„Þetta eru þó að vissu leyti blendin skilaboð í þessum tölum. Það er vissulega hraður mánaðartakturinn en hann er þó sá hægasti síðan í janúar. Það segir sína sögu um hversu mikið er búið að ganga á í millitíðinni,“ segir Jón Bjarki og bætir við að þessi hækkun hafi verið viðbúin. „Maður hafði væntingar um að takturinn yrði allhraður áfram eins og verið hefur en vonast til að markaðurinn færi að róast og jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar sé að batna.“

Jón Bjarki bendir á að samspil hækkandi vaxta og hertra lánþegaskilyrða kunni að vera farið að bita í eftirspurn eftir stærri eignum.



Jón Bjarki Bentsson segir að ýmislegt bendi til að markaðurinn sé að róast.
MYND/HAG

Maður hafði væntingar um að takturinn yrði allhraður áfram eins og verið hefur.

„Við höfum séð merki um rólegri markað. Það eru fréttir af því að heldur lægra hlutfall seljist yfir ásettu verði og sölutími sé að lengjast og annað slíkt. Við eigum von á því að það dragi úr hækkunartakti á seinni helmingi ársins,“ segir Jón Bjarki og nefnir í því sambandi að vaxtahækkanir Seðlabankans, hert lánþegaskilyrði, uppsveifla í framboði á nýjum íbúðum og minni væntingar almennings spili saman í að dempa eftirspurnina. ■

Stóraukinn áhugi á ávöxtun sparifjár



Guðmundur Gunnarsson
ggunnars@frettabladid.is

Sífelld fleiri leita nú leiða til að ávaxta sparifé sitt eftir öðrum leiðum en bjóðast á hefðbundnum bankareikningum. Sérfræðingur hjá Landsbankanum segir áhuga fólks á mismunandi ávöxtunarleiðum hafa stóraukist og fólk vera almennt mjög meðvitað um sína stöðu.

Frá því um mitt síðasta ár hafa reglulega borist fregnir af stóraukinni þátttöku almennings á hlutabréfamarkaði, enda tvöfaldaðist fjöldi almennra hluthafa í kauphöllinni á undraskömmum tíma.

Þannig fjölgaði einstaklingum sem áttu hlutabréf í Kauphöllinni úr tæplega níu þúsund manns í lok árs 2019, í tæplega sautján þúsund manns í lok síðasta árs.

Eftir snarpar lækkanir á hlutabréfamörkuðum fyrr á þessu ári virðist heldur hafa dregið úr þessum áhuga. Sjónir sparifjäreigenda beinast nú í auknum mæli að öðrum ávöxtunarleiðum sem bera minni áhættu.

Gústav Gústavsson, hjá verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Landsbankans, segir greinilegt að sparifjäreigendur séu með hugann við mismunandi ávöxtunarleiðir um þessar mundir. Það merkir hann á mikilli aukningu nýrra fyrirsprurna.

„Flestar fyrirsprurnar eru mjög skiljanlegar. Það er algengast að fólk vilji vita hvar það geti geymt peninginn þannig að hann haldi verðgildi sínu, án þess þó að taka of mikla áhættu. Það er mjög eðlilegt að fólk velti þessu meira fyrir sér nú þegar vextir á innlánnum eru neikvæðir og horfur á vaxandi verðbólgu,“ segir Gústav.

„Þetta er náttúrulega, til þess að gera, nýtt umhverfi fyrir okkur Íslendingum. Hefðbundnir banka-reikningar hafa oft skilað raun-ávöxtun. Tala nú ekki um þegar verðbólga fór alveg niður í eitt og hálft prósent. Við slíkar aðstæður hefur fólk ekki áhyggjur af þessu. En umhverfið er allt annað núna og hefur breyst frekar hratt.“



Sjónir sparifjäreigenda beinast nú í auknum mæli að ávöxtunarleiðum sem bera litla áhættu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Almenn-um hlut- höfum í Kauphöll- inni fjölgaði um átta þúsund manns á tveimur árum.

Gústav segir áberandi hvað fólk virðist meðvitað um stöðuna. Það hafi ekki þó alltaf verið raunin. Ekki einu sinni á þeim árum þegar verðbólga var mun meiri en nú.

„Ég nefni gjarnan dæmi frá árinu 2009 í þessu sambandi. Þá fór verðbólga upp í 18 prósent og vaxta-reikningar báru 15 prósent vexti á sama tíma. Það þýddi auðvitað að ávöxtun var neikvæð upp á þrjú prósent á ári. En fólk upplifði það ekki þannig þegar það fékk vextina greidda út. Upphæðin var svo há að það áttaði sig ekkert endilega á stöðunni. En þegar upphæðirnar eru lágar, eins og í dag, þá er eins og fólk átti sig frekar á samhenginu. Áhrifin eru svo bersýnileg.“

Gústav segir mikilvægt að átta sig á helstu grundvallaratriðum í þessum efnum.

„Flestir leita til okkar með þessar eðlilegu spurningar um áhættu. Þá byrjum við alltaf á að fara yfir það hvernig skuldabréf virka. Það er alltaf þessi varfærni valkostur sem myndar kjölfestuna í fjárfestingum lífeyrissjóða til að mynda.

En almennt séð er mikilvægt að hafa í huga að allir þessir sjóðir, sem standa fólki til boða, eru hugsaðir til lengri tíma. Helst nokkurra ára. Það er auðvitað hægt að standa í þessu sjálfur eins og margir hafa gert undanfarin ár. Kaupa hlutabréf og taka þá áhættu sem því fylgir. En það er ekkert endilega umhverfi sem hentar öllum. Í grunninn eru flestir að hugsa um að verja sitt sparifé og takmarka áhættu. Það er langstærsti hópurinn,“ segir Gústav.

„Svo þurfum við líka að muna að það lentu mjög margir í skakka-föllum sem tengdust hlutabréfum í kjölfar hrunsins. Það skýrir vissulega tortryggni fólks og ég skil fullkomlega hvaðan hún er sprottin.“

Að öllu samandregnu segir Gústav aldrei hægt að tala um neinar töfralausnir þegar kemur að ávöxtun sparifjár.

„Þetta snýst á endanum um þolinmæði og sigandi lukku. Það er að segja ef fólk er ekki tilbúið til að taka þeim mun meiri áhættu með sitt sparifé,“ segir Gústav að lokum. ■



Það er eðlilegt að fólk velti þessu meira fyrir sér nú þegar vextir á innlánnum eru neikvæðir.



Gústav Gústavsson, sölustjóri hjá verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Landsbankans

Segist vera bæði rúðustrikuð og skapandi

■ Svipmynd

Gréta Ingbórsdóttir

Nám: MA-nám í hagnýtum hagvísindum við Háskólann á Bifröst og BA-próf í þýsku frá HÍ.

Störf: Framkvæmdastjóri Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna frá 2012, sviðsstjóri hjá Sjálfstæðisflokknum frá 2009, aðstoðarmaður forsætisráðherra frá 2007, framkvæmdastjóri þingflokks frá 1999, þar áður blaðamaður á Morgunblaðinu.

Fjölskylduhagir: Gift Gísla Hjartarsyni. Við eigum fjögur börn, þar af þrjú á lífi, og tvö barnabörn.

Gréta Ingbórsdóttir hefur starfað sem framkvæmdastjóri Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna frá árinu 2012. Hún segir það taka á að horfa inn í erfiðar aðstæður hjá fjölskyldum í félaginu.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Sumarbústaðurinn, bækur, tónlist, matur, fjölskylda og vinir.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Get ekki nefnt neina eina ákveðna bók en bækur um stöðu og réttlæysi kvenna í strangtrúuðum múslimaríkjum sem ég las um tvítugt höfðu veruleg áhrif á mig.



Frelsið og réttindin sem við búum við eru ekki sjálfsögð og um þau þarf stöðugt að standa vörð.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin á undanförunum miss-erum?

Það tekur á að horfa inn í erfiðar aðstæður hjá fjölskyldum í félaginu og sér í lagi þar sem baráttan

tapast. Ég hef sjálf verið í þeim sporum og veit hversu erfitt það er. Félagið reynir að vera þeim fjölskyldum bakhjarl, að minnsta kosti fjárhagslegur.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Allra næst á dagskrá er að vekja athygli á Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka en í hópi hlaupara



Ég sé okkur hjónin verja stöðugt meiri tíma á ferðalögum og í sveitinni okkar. Eftir tíu ár verðum við kannski flutt þangað alveg!

eru sem betur fer alltaf margir sem láta áheiti á sig renna til félagsins og afrakstur áheitasöfnunar skiptir félagið miklu máli. Svo er stöðug áskorun að gera félagið betra og öflugra til að standa þéttar við bakið á fjölskyldunum sem glíma við sín allra erfiðustu verkefni. Okkur dreymir um að láta búa til app sem heldur utan um meðferð, lyfjagjafir, endurkomur, eftirlit og annað sem tengist veikindunum. Fyrir nokkrum árum var okkur sagt að þetta yrði aldrei hægt en þróunin er hröð og kerfi sem áður töluðu ekki saman gera það nú, þannig að kannski getum við látið þennan draum verða að veruleika áður en langt um liður.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Ég sé okkur hjónin verja stöðugt meiri tíma á ferðalögum og í sveitinni okkar. Eftir tíu ár verðum við kannski flutt þangað alveg!

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Ég er bæði rúðustrikuð og skapandi og held að arkitektúr hefði hentað mér vel.

Hver er uppáhaldsborgin þín?

Fallega Róm! Ég endurnýjaði kynnin við hana síðasta haust og get ekki beðið eftir næstu ferð. Hún er stór en þó ekki yfirþyrmandi, stútfull af sögu og menningu, matur og vín hvergi betra og Ítalirnir eru skemmtilegir, vingjarnlegir og svo ótrúlega smart! ■

Gréta segir að Róm sé eftirlætisborg sín en hún er heilluð af góðum mat og drykk.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Ekki aftur snúið



Aðalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Það hefur tekið tæpan áratug fyrir íslenskt samfélag að sannfærast um að það sé vitleysa að refska fólki fyrir að hafa á sér lús af vímuefnum til eigin nota. Fyrst voru það nokkrir kverúlantar sem voru þessarar skoðunar en henni óx ásmegin smátt og smátt og eftir því sem umræðan breikkaði og fleiri lögðu henni lið fóru ný viðhorf að dreifa sér um allt samfélagið. Þessari viðhorfsbreytingu verður ekki snúið við. Fólk skilur hve fjaránlegt er að bjóða refsingu sem lausn á heilbrigðisvanda og hve hættulegt getur verið að gera lögguna að helsta óvini fólks sem þarf á vernd hennar að halda. Þjóðin er komin á vagn afglæpavæðingar.

Ríkisstjórnin segist vera sammála. En hún er það ekki.

Fátt er sorglegra upp á að horfa en stjórn-mála-fólk án sannfæringar, nema ef vera skyldi stjórn-mála-fólk sem þykist hafa sannfæringu sem það hefur alls ekki, gefa um hana fyrirheit, til þess eins að leggja stein í götu hennar og snúa við henni baki.

Furðuleg áform heilbrigðisráðherra um laga-setningu á sviði vímuefnamála voru kynnt fyrir helgi. Um er að ræða einhvers konar uppgjöf fyrir lofordi ríkisstjórnarinnar sem gefið var í hita leiksins síðdegi eitt fyrir tveimur árum, þegar Píratar þvinguðu fram atkvæðagreiðslu um afglæpavæðinguna. Stjórnarflokkarnir felldu málið. Töldu sjálfa sig geta gert betur og lofuðu öllu fögru. Engar efndir hafa orðið. Heilbrigðisráðherra síðustu ríkisstjórnar gerði eina ósannfærandi atlögu og nú stefnir stíjandi heilbrigðisráðherra með málið út í vit-leysu sem tímasóun er að rekja hér.

Áhugaleysi ríkisstjórnarinnar um afnám refsistefnunnar virðist algert. Vel má vera að heilbrigðisráðherra trúir betur á refsingar en mannúð og umburðarlyndi en hann hefur hvorki játað þá afstöðu né tjáð aðra skoðun á þessu máli. Vandí hans og ríkisstjórnarinnar er hins vegar að það er of seint að snúa við. Það þarf bara að klára þetta mál með stæl og sóma eins og lofað var.

Málið á sér hins vegar engan málsvara innan ríkisstjórnarinnar, nema ef vera skyldi dóms-málaráðherra, sem tilheyrir eina flokknum í ríkisstjórninni sem hefur sýnt málinu áhuga. Ungir Sjálfstæðismenn tækju frumkvæði Jóns eflaust fagnandi.

Í anda samvinnustjórn mála og eflingar Alþingis sem stjórnarflokkarnir hafa á sinni stefnuskrá, væri þó margt vitlausara en að fela Halldóru Mogensen að sigla þessu máli í höfn fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Grimurnar

Þá eru landsmenn farnir að seilast eftir grímum á nýja-leik. BA.5-afbrigðið af Omikron leikur lausum hala og hækkar líkamshitann full til mikið í tilfelli fjöldamargra sem verða fórnarlömb enn eins afviksins af faraldrinum. Mun þetta vera eina hitabylgjan sem fer yfir Ísland í ár. Er nú svo komið að næsta algengt er að einstaklingar veikist í þriðja eða jafnvel fjórða sinn, einkanlega þeir sem fengu pestina á fyrstu stigum. Þess vegna hefur tekið sig upp gamalkunnug ósjálfráð hreyfing, nefnilega hið áunna handapat í leit að grímunni í fórum sínum.

Sprittíð

Enda þótt endursmitin séu ekki í námunda eins alvarleg og í fyrstu bylgjum pestarinnar vilja menn auðvitað vera lausir undan þessum ángskota, þótt ekki væri sakir annars en að nú er hásumar með hátt í tólf gráðu hita á Íslandi og landsmenn því almennt farnir að víðra sig í úrsvalri hafgölnunni. Þess vegna kemur sér vel að finna einmitt, á nýviðruðum sumar-fötunum sínum, samantvöðlaðar grimur í svo til hverjum einasta vasa frá því á síðasta sumri. Og jafnvel líka litlu spritttúpurnar sem voru svo handhægar á tveimur undanliðnum árum. Já, hásumarið er komið – og kannski ekki alveg grímulaust. ■

Án staðla...



Helga Sigrún
Harðardóttir
framkvæmdastjóri
Staðlaráðs Íslands

... væri virkni lækningatækja ekki örugg, virkni snjall-tækja einungis lítið brot af því sem nú er og bygginga-vörur og mannvirki þyldu ekki álag af íslenskri náttúru.

... væru fyrirtæki ekki að mæla árangur sinn í umhverfismálum með samanburðartækum hætti eða auka framleiðni sína og framlegð svo um munar. Þau væru ekki heldur gjaldgeng á alþjóðlegum mörkuðum nema með því að spila eftir sömu leikreglum.

... væri heilsu okkar og öryggi ógnað daglega því öryggiskröfur til ýmissa neytendavara væru í besta falli óljósar og eftirlit með neytendavörum ógerlegt.

... væri daglegt líf miklu flóknara og dýrara því sam-virkni kerfa og hluta væri ekki til.

... hefðu stjórnvöld ekki aðgang að góðum, hag-kvæmum og sammæltum lausnum sérfræðinga sem hluta af sinni löggjöf, þegar gera þarf sértækar og sam-ræmdar kröfur.

... verða stærstu áskoranir mannkyns ekki leystar.

Staðlar innihalda nýjustu tækni og vísindi sem sérfræðingar á hverju sviði sammælast um. Fjöldi íslenskra sérfræðinga tekur þátt í vinnu fjölbýðlegra tækninefnda um stöðlun. Það auðveldar þeim að fræðast um allt það nýjasta og fylgjast með breytingum í sinni grein en líka að hafa áhrif á viðmiðin sem verða til, hvort sem um er að ræða þróun umhverfissvænnar steypu, leiðbeiningar um hvernig maður uppfyllir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eða lengir líf-tíma gúmmípakkninga í vatnslögnum.

Staðlar eru sammæli sérfræðinga. Byggt á bestu fánlegu þekkingu hverju sinni. Þeir eru afrakstur samstarfs staðlasamtaka sem nær til allt að 95% mannkyns. Þátttaka í stöðlunarstarfi hefur reynst frábær farvegur fyrir íslenska nýsköpun. Íslenskir hagsmunir gæta sín hins vegar ekki sjálfir. Til þess þarf farveg. Sá farvegur er Staðlaráð Íslands. Þess vegna þurfa íslensk stjórnvöld að hverfa frá stefnu stöðnunar og einangrunar og veita staðlastarfi þann gæm sem mikilvægi þess og virði endurspeglar. Öðruvísi spílum við ekki eftir reglunum. Náum ekki inn í liðið. Við fáum ekki einu sinni miða á völlinn. Það þætti áhugaverð afstaða á öðrum vettvangi. ■

Þess vegna
þurfa
íslensk
stjórnvöld
að hverfa
frá stefnu
stöðnunar.

ÚTSALAN ER Í
FULLUM GANGI
10-60%
AFSLÁTTUR

Lin
DESIGN



GARÐARÞJÓNUSTA KÓPAVOGS

Öll almenn lóðarvinna

Við leggjum mikið upp úr
faglegum vinnubrögðum
og **sanngjörnu verði**

Fáðu frítt tilboð í verkið

859-7090 • gtk@gtk.is • gtk.is



Jarðhitagarður ON í lykilhlutverki í loftslagsbaráttunni



Berglind Rán Ólafsdóttir framkvæmdastýra ON

Í síðastliðnum mánuði var tilkynnt um tímamótaverkefni svissneska fyrirtækisins Climeworks á Hellisheiði, þar sem lofthreinsiverið Mammoth mun fanga allt að 40 þúsund tonn af CO₂ á ári. Loft-sugur fyrirtækisins fanga CO₂ úr andrúmslofti sem síðan er steingert neðanjarðar með Carbfix tækninni.

Fyrir rekur Climeworks loft-hreinsiverið Orca sem fangar 4 þúsund tonn á ári. Bæði þessi verkefni eru hluti af Jarðhitagarði ON á Hellisheiði, en það er vettvangur fyrir fjölbreytt fyrirtæki til að byggja upp sína starfsemi í nágrenni við virkjunina.

Í Jarðhitagarðinum vinnum við okkur í áttina að fullnýtingu þeirra auðlindastrauma sem renna frá virkjuninni en í tilviki Mammoth er það rafmagn, skiljuvatn og kalt vatn sem ON útvegar í verkefnið.

Climeworks lítur á verkefnið sem grunn að því markmiði sínu að ná afköstum sem mæld verða í milljörðum tonna af CO₂ á ári og geta þannig haft afgerandi þýðingu fyrir loftslag jarðar.

Hámarka nýtingu auðlindarinnar

Orka náttúrunnar er með skýrt markmið þegar kemur að nýtingu jarðhitaauðlindarinnar og nýsköpun í orkumálum. Við ætlum okkur að hámarka nýtinguna og vera framúrskarandi á heimsvísu. Við viljum nýta þekkingu okkar og reynslu til þess að hjálpa öðrum á þessu sviði og ýta undir notkun

Steingerður mun fanga allt að 34 þúsund tonn af CO₂ árlega frá virkjun ON á Hellisheiði, sem annars færi út í andrúmsloftið.

jarðhita í heiminum á ábyrgan hátt með umhverfi og loftslag í forgrunni.

Þetta verkefni Climeworks er svo sannarlega liður í því.

Einstakt á heimsvísu

Samstarf ON og Carbfix er á fleiri stöðum á Hellisheiði, en síðan árið 2014 hefur Orka náttúrunnar steingert yfir 10 þúsund tonn af koltvísýringi árlega með Carbfix aðferðinni og þar með sýnt fram á að þetta er hægt, sem byggir undir það að fleiri fyrirtæki geti nú nýtt sér sömu tækni til þess að taka ábyrgð á eigin losun. Nú stendur yfir hönnun og þróun á stærri hreinsistöð sem hlotið hefur nafnið Steingerður.

Steingerður mun fanga allt að 34 þúsund tonn af CO₂ árlega frá virkjun ON á Hellisheiði, sem annars færi út í andrúmsloftið. Stefnt er að gangsetningu árið 2025 og frá þeim tíma mun ON fanga 95% af kolefnisútblæstri Hellisheiðarvirkjunar og dæla niður með Carbfix tækninni sem verður einstakt á heimsvísu. ■

Hlutverk stjórn mála er að verja almannahagsmuni



Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir þingmaður Viðreisnar

Í umræðu um itök stórútgerðarinnar þurfa stjórn málin að muna hvert þeirra hlutverk er; að standa með, og verja, almannahagsmuni. Tíu stærstu útgerðirnar eru nú með um 70% kvótans. Árið 2020 var þetta hlutfall um 50%. Margar útgerðir nálgast kvótapakið og sumar þeirra eru jafnvel komnar yfir hámarkið, ekki síst ef tengsl milli útgerða eru metin eins og ætti að meta þau til að lýsa raunverulegu eignarhaldi.

Við kaup Síldarvinnslunnar á Vísi lýsti forsætisráðherra yfir áhyggjum af samþjöppun í sjávarútvegi og vísaði til samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja í sjávarútvegi. Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra, sem áður var sjávarútvegsráðherra, talar um að tími sé kominn á gjörbreytta gjaldtöku fyrir afnot af auðlindinni. Ríkisstjórnin sem formenn VG og Framsóknar sitja báðir í hefur hins vegar haft 5 ár til að bregðast við stöðunni en ekkert gert. Samþjöppunin á sér núna stað fyrir framan nefið á Svandísi Svavarsdóttur nýjum sjávarútvegsráðherra sem tjáir sig ekki um málið. Hún er upptekin af strandveiðikerfinu.

Viðreisn hefur á síðustu árum flutt frumvarp sem tekur einmitt á samþjöppun í sjávarútvegi. Í því eru lagðar til reglur um dreifða eignaraðild stærstu fyrirtækja, reglur til að hindra að farið sé í kringum hámarksaflahlutdeild og reglur um aukið gegnsæi. Viðreisn hefur sömuleiðis flutt frumvörp um tímabundinn veiðirétt, sem er grundvallaratriði til að gefa hugtakinu þjóðareign einhverja þýðingu. Flokkurinn hefur staðið að frumvörpum um sanngjarnari gjaldtöku fyrir einkarétt til fiskveiða. Ekkert þessara mála hefur hins vegar fengið afgreiðslu á Alþingi.

Ómur af fortíðinni?

Átakalínurnar milli stjórn mála-flokka eru hvergi skýrari en hér. Ríkisstjórnarflokkarnir þrír hafa undanfarin fimm ár allir í verki stutt óbreytt ástand. Sjálfstæðisflokkurinn, sem í orði kveðnu er flokkur markaðarins, berst hvergi harðar en hér gegn markaðsleið og vill frekar sjálfur ákveða hversu hátt veiðigjald er greitt fyrir afnot af fiskimiðunum. Varðstaða um þetta kerfi getur aldrei þjónað almannahagsmunum. Hagsmunum hverra er þá þjónað?

Mikill meirihluti landsmanna telur núverandi útfærslu kerfisins ósanngjarna. Um 77% þjóðarinnar vilja að útgerðir landsins greiði markaðsgjald fyrir afnot af fiskveiðiauðlindinni skv. skoðanakönnun Gallup. Um fá mál er þjóðin jafn einhuga. Folk upplifir réttilega að kerfið í kringum veiðiréttinn er ekki í þágu almannahagsmuna, enda verður almenningur af milljörðum á ári hverju með þessu fyrirkomulagi.

Formaður Sjálfstæðisflokksins segir núna að áhyggjur af byggðaröskun og þessum samfélagslegu hagsmunum sem eru í húfi séu „ómur af fortíðinni“. En getur ekki verið að það séu einmitt sjónarmið Sjálfstæðisflokksins í sjávarútvegs-málum sem eru ómur af fortíðinni?

Þjóðareign hinna fáu

Það vakti á sínum tíma athygli þegar fyrrverandi þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Vilhjálmur Bjarnason og Páll Magnússon, fjölluðu um stöðu Sjálfstæðisflokksins og nefndu sjávarútvegsstefnuna sérstaklega í því sambandi. Vilhjálmur sagði í grein að vandi flokksins fælist einna helst í því að hann væri eins máls flokkur þar sem „hagkvæmni“ fiskveiðistjórnarkerfisins ræði för. Þessi hagkvæmni (sem Vilhjálmur setti í gæsalappir) er vitaskuld hagkvæmni



Tímabinding réttinda til að nýta náttúruauðlindir í þjóðareign er rauði þráðurinn í lagasetningu um úthlutun þeirra. Undantekningin er sjávarútvegurinn.

stórútgerðarinnar sem greiðir gjafverð fyrir afnot af fiskimiðunum.

Stefna Viðreisnar er að greitt verði eðlilegt markaðsgjald fyrir aðgang að fiskimiðunum. Það er hin skynsama leið og það er hin réttláta leið. Þetta er sanngjörn leið fyrir þjóðina, fyrir sjómenn og setur heilbrigðar leikreglur fyrir útveginn. Stefna Viðreisnar er jafnframt að setja auðlindaákvæði í stjórnarskrá um að afnot af þjóðareigninni verði tímabundin. Þetta eru þau atriði sem öllu máli skipta í hinu pólitíska samhengi.

Orð og aðgerðir fari saman

Tímabinding réttinda til að nýta náttúruauðlindir í þjóðareign er rauði þráðurinn í lagasetningu um úthlutun þeirra. Undantekningin er sjávarútvegurinn. Í orkulögum er sveitarfélögum til dæmis veitt heimild til að framselja einkaleyfi til að starfrækja hitaveitu um tiltekið tímabil í einu. Í lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu er kveðið á um tímabundin leyfi til allt að 65 ára. Í lögum um fiskeldi er kveðið á um rekstrarleyfi til 16 ára. Frumvarp ríkisstjórnarinnar sjálfar um Hálendisþjóðgarð sagði óheimilt að reka atvinnustarfsemi í þjóðgarði nema með tímabundnum samningi. Hvers vegna má ekki fara sömu leið með veiðiheimildir sjávarútvegsins? Hvers vegna er tækifærið til að verja almannahagsmuni ekki nýtt?

Yfirlýsingar forsætisráðherra og innviðaráðherra í kjölfar kaupanna hafa verið áhugaverðar. Eðlilegt framhald er að þau, sem forystumenn í ríkisstjórn, sýni þennan vilja sinn nú í verki. Innviðaráðherra skilur að raunverulegt auðlinda-gjald er jákvætt í þágu innviðauppbýggingar. Forsætisráðherra sem hefur áhyggjur af samþjöppun hlýtur að grípa til aðgerða svo ekki þurfi að standa til hliðar og biðla til fyrirtækja um samfélagslega ábyrgð þeirra. Ríkisstjórnin gæti sjálf boðað lagasetningu sem tryggir samfélagslega hagsmuni. Almannahagsmuni.

Það eina sem þarf til er að þau fylgi eftir eigin orðum. ■



ALLT

MIÐVIKUDAGUR 20. júlí 2022

KYNNINGARBLAÐ



Camilla, hertogaynjan af Cornwall og verðandi drottning, hélt upp á 75 ára afmæli á sunnudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Camilla eldist vel

elin@frettabladid.is

Camilla, hertogaynja af Cornwall, varð 75 ára síðastliðinn sunnudag, 17. júlí. Camilla hefur ekki veitt viðtöl gegnum árin en í tilefni afmælisins voru teknar myndir af henni á eigin herragarði, Raymill, sem hún festi kaup á eftir skilnað við fyrri eiginmann sinn, Andrew Parker Bowles. Húsið stendur skammt frá Highgrove, sem hefur verið heimili Karls prins og seinna þeirra hjóna.

Hertogaynjan var gestaritstjóri á nýjustu útgáfu tímaritsins Country Life og breska sjónvarpsstöðin ITV gerði heimildarþátt um samstarfið sem sýndur var um síðustu helgi. Blaðið fagnar um þessar mundir 125 ára afmæli. Sonur Camillu, Tom Parker Bowles, skrifaði meðal annars í blaðið og birti einn af uppáhaldsréttum móður sinnar.

Fjölskylduveisla

Afmælisveisla var haldin í tilefni dagsins á Highgrove þar sem nánasta fjölskylda var samankomin, þar á meðal sonur Camillu og dóttir, Laura Lopes, sonur hennar auk systur hertogaynjunnar. Camilla var lengi sniðgengin af addáendum Dönu prinsessu en almenningssálitið er að breytast enda tekur Camilla nú þátt í meira en 100 góðgerðarsamkomum og lætur til sín taka með ýmis mál-efni. ■



Baldur Þór Ragnarsson gerðist nýlega þjálfari hjá þýska körfuboltaliðinu Ratiopharm Ulm sem leikur í efstu deild þar í landi.

MYND/ADSEND

Á vit ævintýranna í Þýskalandi

Körfuboltaþjálfarinn Baldur Þór Ragnarsson tók nýlega við spennandi þjálfarastöðu í Þýskalandi. Stóra markmiðið er að þjálfar í bestu deildum Evrópu sem aðalþjálfari. **2**



BÄSTA I TEST
Bäst-i-Test 2022



BÄSTA
SÖLARVÖRNIN
7 ár
ÍRÖÐ

Fæst í Apótekum, Hagkaup, Fríhöfninni og víðar | nánar á evy.is og celsus.is



Baldur Þór og kærastan hans, Rákel Rós Ágústsdóttir, á Mælifellshnjúki í Skagafirði.



Fyrr í þessum mánuði var tilkynnt að Baldur Þór Ragnarsson, þjálfari karlaliðs Tindastóls í körfubolta, hefði sagt upp starfi sínu og tekið spennandi tilboði frá þýska liðinu Ratiopharm Ulm sem leikur í efstu deild þar í landi. Baldur mun taka við stöðu aðalþjálfara varaliðsins sem kallast Orange Academy Ulm og leikur í Pro b-deildinni í Þýskalandi. Með liðinu leika fimm leikmenn sem einnig spila með aðalliðinu þannig að Baldur mun einnig vera viðloðandi bæði liðin.

Þetta spennandi tilboð kom Baldri skemmtilega á óvart enda var hann ekki að leita að starfi erlendis. „Það kom mér líka á óvart að lið af þessari stærðargráðu væri að hafa samband við mig. Þeir heyrdðu af mér í gegnum umboðs-mann sem er með leikmenn hérna á Íslandi og í framhaldi af því samtali heyrdðu þeir í Jóni Arnóri Stefánssyni sem gaf mér góð með-mæli. Þannig endaði ég á Zoom-viðtalsfundi og daginn eftir var ég bara floginn til Þýskalands. Þetta gerðist allt mjög hratt.“

Nýja starfið leggst afar vel í Baldur enda fær hann að vinna með marga efnilega leikmenn. „Ratiopharm Ulm er þekkt fyrir að hafa unga og efnilega leikmenn á sínum snærum þannig að þetta verður mjög spennandi. Sem dæmi var leikmaðurinn Jeremy Sochan að spila með þessu liði en hann var valinn númer 9 í NBA-nýliðavalinu síðasta vor.“

77 **Ulm er þekkt fyrir að hafa unga og efnilega leikmenn á sínum snærum þannig að þetta verður mjög spennandi.**

Baldur Þór Ragnarsson

ég þekki það að vinna mig upp í starfi. Fólk ber virðingu fyrir duglegu fólki og það er mitt mottó í þeim störfum sem ég tek mér fyrir hendur að gera mitt allra besta og sjá hvert það leiðir mig. Stóra markmiðið í framtíðinni er svo auðvitað að þjálfá í bestu deildum Evrópu sem aðalþjálfari.“

Byrjaði í Þorlákshöfn
Körfuboltaferill Baldurs hófst þegar hann var fimm ára gamall þegar hann hóf að æfa körfubolta hjá Þór í Þorlákshöfn. „Ég spilaði þar til fimmtán ára aldurs en skipti þá yfir í KR þar sem ég var í fjögur ár áður en ég sneri aftur heim í Þorlákshöfn þar sem ég lék í nokkur ár ásamt því að þjálfá yngri flokka.“

Árið 2013 útskrifaðist hann sem ÍAK-einkaþjálfari og byrjaði þá markvisst að vinna í styrkleikum sínum sem þjálfari. „Þjálfararnir Arnar Guðjónsson og Finnur Freyr Stefánsson tóku mig síðan með á Norðurlandamót til að sjá um upphitun hjá 20 ára landsliðinu. Það eru um átta ár síðan og ég starfaði á hverju sumri í kringum yngri landslið KKÍ sem aðstoðarþjálfari.

Varð sterkari og betri
Einar Árni Jóhannsson bauð honum starf sem sem aðstoðarþjálfara hjá Þór Þorlákshöfn árið 2015-2016 og vann Baldur með honum í þrjú tímabil. „Hann gaf mér stórt hlutverk og verð ég honum ævinlega þakklátur fyrir þann tíma. Síðan fæ ég starf sem aðalþjálfari hjá Þór Þorlákshöfn tímabilið 2018-2019. Það gekk mjög vel og árið eftir fer ég til Sauðárkróks þar sem ég tek að mér aðalþjálfarastarf karlaliðsins sem er mjög krefjandi starf og ég er mjög ánægður með minn tíma þar. Króksarar gerðu mig að sterkari og betri persónu.“

En hvað skyldi vera svona heillandi við körfuboltann?
„Það er svo margt, til dæmis hraðinn, varnarleikurinn, tak-tíkin, orkan, félagsskapurinn, að vera í liði, minningarnar, takast á við hindranir, sigra og síðan er trúlega mesti lærdómurinn að tapa, sem er líka partur af leiknum.“

Hreyfir sig mikið
Þótt körfuboltinn skipi eðlilega stóran sess í lífi Baldurs gerir hann



Baldur Þór og Rákel Rós heim-sóttu Stuðlagil síðasta sumar, þar sem Baldur stakk sér meðal annars til sunds.



Baldur Þór og Rákel Rós ásamt foreldrum Baldurs í Drangsey í Skagafirði.



Dagleg hreyfing skiptir Baldur Þór miklu máli. Hér er hann við Steininn á Esju.

ýmislegt annað utan hans. „Ég hef gaman af allri hreyfingu og hreyfi mig alla daga. Ég hleyp, fer í ræktina og syndi. Svo reyni ég að borða hollan mat, sofa vel og hugleiða og hugsa bara almennt séð vel um mig. Kærastan mín, Rákel Rós Ágústsdóttir, er svo stöð mín og stytta í einu og öllu og við erum mjög góð saman enda er hún mikill partíppinni. Ég á líka góða fjölskyldu og fullt af vinum sem gaman er að gera eitthvað með. Að

fá sér til dæmis ribeye-steik með vinunum klikkar seint.“

Nýja starfið leggst mjög vel í hann og tíminn í Þýskalandi á eftir að verða mjög spennandi að hans sögn. „Það verður gaman að læra þýsku og upplifa aðra menningu. Einnig hlakka ég til að upplifa öðruvísi vetur en á Íslandi. Ég þekki vel dimmu mánuðina á Íslandi og skammdegispunglyndið og það verður gaman að sjá hvort ég verði laus við þann draug í Þýskalandi.“ ■

Hvannarrótin bjargaði næturbroltinu

Svefntruflanir af völdum næturbrolts höfðu fylgt Halldóri Kjartanssyni í nokkur ár þegar hann prófaði að taka inn Hvannarrót frá ICEHERBS. Í dag segist hann ekki sleppa skammti.

Halldór byrjaði að finna fyrir tíðari þvaglátum fyrir um þremur árum síðan og hafði næturbroltið neikvæð áhrif á gæði nætursvefnsins. „Mín rútína er þannig að ég fer oftast að sofa á milli tólf og eitt. Síðustu ár hef ég vaknað klukkan fjögur eða fimm hverja nótt til þess að pissa. Ég starfa sem framkvæmdastjóri hjá fyrirtæki með náttúrulegar snyrtivörur. Þegar ég vakna svona á nóttunni fer hugurinn af stað fyrir næsta dag. Þá getur verið erfitt að sofna aftur og oftast var ég að dorma til sjö. Ég var því ekki að ná nema um 4-5 tíma samfelldum svefni alla jafna,“ segir Halldór.

Fyrir víkið varð Halldór virkilega þreyttur þegar liða fór á daginn. „Ég stunda útivist og hreyfingu, geng á fjöll og fer í golf. Svo fer ég í hot yoga í ræktinni. Ef nætursvefninn er ekki í lagi þá nennir maður ekki í hot yoga eftir vinnudaginn. Maður dettur miklu frekar í óhollustu og kaffidrykkju og sofnar svo yfir kvöldfréttunum.“

Fann mun eftir nokkra daga

„Ég hef ekki farið til læknis enda hef ég lesið að þetta tengist aldrinum. Menn fá oft tíðari þvaglát upp úr fimmtugu. En ég hafði prófað ýmis erlend bætiefni sem áttu að hjálpa til við þetta vandamál. Mér fannst ekkert virka nógu mikið. Meðal annars keypti ég rándýra



Halldór Kjartansson segir það hafa bjargað nætursvefninum að þurfa ekki lengur að vakna á nóttunni til að fara á klósettið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

stóra dollu af einhverju sem hafði engin áhrif á mig. Ég hafði líka prófað að minnka vökvainntöku seinnipart dags, en það varð bara til þess að ég varð mun þyrstari en ella seinna um kvöldið. Ég var heldur ekkert spenntur fyrir því að geta aldrei fengið mér vatn eða stöku björglas á kvöldin.

Svo las ég viðtal við einhvern sem hafði tekið inn hvannarrótina frá ICEHERBS og mælti með henni fyrir þetta vandamál. Ég ákvað að slá til fyrir um hálfu ári síðan og prófa. Það tók bara nokkra daga og ég fann þvílíkan mun á mér. Í stað þess að vakna upp úr fjögur þá séf ég nú samfleytt til sjö á hverri nóttu. Það munar því

gríðarlega að sofa sjö tíma á nóttu í stað fjögurra. Það er gott að vakna úthvildur á morgnana og það er líka gott fyrir dagvinnuna og geðheilsuna.“

Tekur þrjár á dag

„Ég tek tvær töflur af hvannarrót á kvöldin fyrir svefninn og eina í hádeginu. Ég tek því alls þrjár yfir daginn. Þetta fækkar klósettferðunum yfir daginn og ég sef samfleytt alla nóttina, þökk sé hvannarrótinni. Ég hef ekki breytt neinu öðru í minni rútínu. Ég drekk ennþá fjóra kaffibolla á dag og þann seinasta strax eftir kvöldmat. Ég er bara sáttur við að þetta virki fyrir mig á minum

forsendum. Einnig finnst mér það skipta máli að þetta sé náttúruleg framleiðsla. Ég hef tröllatrú á náttúrulegum vörum og ég er sáttur við að taka þetta inn því ég veit að það eru engin skaðleg efni í þessu. Svo er það mikill plús að þetta sé íslensk framleiðsla. Að versla íslenskt styrkir efnahaginn og atvinnulífið í landinu.“

Fer Esjuna eins og ekkert sé

Góður nætursvefn og að taka réttu vítamínin segir Halldór að séu hluti af því að hugsa vel um sjálfan sig. „Í dag er ég hraustur. Ég fer Esjuna og 2-3 sinnum í ræktina í viku hverri. Ég held að margir vanmeti hversu mikið góður nætursvefn hefur að segja þegar kemur að heilsunni. Ég veit það í dag hvað hann er dýrmætur fyrir mig því hann gerir mér kleift að stunda þá hreyfingu sem ég vil. Í dag er ég sáttur og sœll með lífið og hlakka til sumarsins.“

Hvannarrótin frá ICEHERBS

Hvannarrót er úr íslenskri ætihvönn, sem heitir á latínu Angelica archangelica. Ætihvönn hefur sterkar rætur sem búa yfir miklum krafti og rötin á plöntunni virðist vera virkari og hafa mun meiri örvandi áhrif en aðrir hlutar plöntunnar. Hvannarrótin frá ICEHERBS er þurrkuð og möluð hvannarrót í hylkjum úr jurta-beðmi, sem gerir vöruna 100% náttúrulega.

Ætihvönn er ein þekktasta nytja- og lækningajurtin sem notuð var á Íslandi og víðar í norðurálfi til forna, en hún vex aðallega á norðlægum slóðum eða hátt til fjalla í Evrópu. Allir hlutar



plöntunnar hafa verið nýttir í gegnum tíðina en rötin var einna mest notuð til lækninga þar sem styrkleikar hennar hafa alltaf verið vel þekktir.

Jurtin er þekkt fyrir að vinna gegn einkennum ofvirkra þvagblöðru og getur viðhaldið heilbrigðri þvagblöðru og þvagrás. Sýnt hefur verið fram á að notkun hvannar geti fækkað salernisferðum og þar með haft jákvæð áhrif á svefn og um leið bætt daglegt líf. Áhrif hvannarrótar eru margvísleg og fyrir utan jákvæð áhrif hennar á þvagblöðru hefur hún lengi verið notuð við hvers kyns meltingarvandamálum, til að örva meltingu og draga úr uppbembu og lofti í maga. Dagleg inntaka hefur mikil jákvæð áhrif á líðan fólks.

Á seinni árum hafa svo verið gerðar miklar vísindalegar rannsóknir á virkni og efnainnihaldi ætihvannar sem hafa leitt í ljós að sú virkni sem kennd hefur verið við hvönnina í þúsundir ára er sannanleg og að ætihvönnin sé einkar virk og öflug jurt. ■

Hvannarrótin frá ICEHERBS fæst í öllum apótekum og heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó og Fjarðarkaupum. Sjá nánar á iceherbs.is.

Mikill áhugi á möguleikum burnirótarinnar

Burnirót hefur lengi verið notuð til að auka einbeitingu og úthald og gegn streitu og kvíða. Nýlega fékk teymi héraðs styrk til rannsókna á burnirót sem er talin ein allra verðmætasta lækningaplantan í íslensku flórunni.

starri@frettabladid.is

Nýlega fékk teymi sem Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í grasafræði við Háskóla Íslands, leiðir, styrk úr Tækniþróunarsjóði til rannsókna á plöntunni burnirót sem er talin ein allra verðmætasta lækningaplantan í íslensku flórunni.

Burnirót hefur lengi verið notuð til að auka einbeitingu og úthald og gegn streitu og kvíða, að sögn Þóru. „Nú í apríl síðastliðnum kom til dæmis út yfirlitsgrein í vísindaritinu Molecules. Þar voru metnar rannsóknir á áhrifum burnirótar og komist að þeirri niðurstöðu að hún sé „adaptogenísk“, það er, að hún styrki mótstöðuafli líkamans gegn streitu. Burnirót hefur sýnt mótverkandi áhrif gegn veirum og öndunarferasjúkdómum af þeirra völdum og rannsóknir hafa meðal annars beinst að áhrifum hennar á hjarta- og æðasjúkdóma, krabbamein og sykursýki.“

Rannsóknin sem teymi Þóru vinnur að kallast „Val og ræktun burnirótar sem hágæðavöru á markaði“. Þar verður stefnt að því að bera saman ólíka stofna burnirótar hér á landi, þar sem horft er til meðal annars vistfræði, efnaframleiðslu, erfðafjölbreytni og skyldleika, með það að markmiði að finna leiðir til að framleiða



Þóra Ellen Þórhallsdóttir er prófessor í grasafræði við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ólíkar afurðir sem hægt verður að markaðssetja sem sjálfbærar hágæðavörur í framtíðinni.

Eftirsótt víða um heim

Burnirótin er að sögn Þóru eftirsótt víða um heim, meðal annars í Kína, Rússlandi, Evrópu og Norður-Ameríku og árlegt markaðsvirði afurða hennar var talið um 3,5 milljarðar íslenskra króna árið 2015. „Þessi umfangsmikla sala byggist að mestu á söfnun villtra plantna og þess vegna er burnirót komin á valista í fimm Evrópulöndum. Bæði Alþjóðanáttúruverndarráðið (IUCN) og undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna hafa hvatt til ræktunar burnirótar til að stemma stigu við eyðingu villtra stofna.“

Í nokkrum löndum er nú farið að rækta burnirót til sölu, til dæmis í Kanada og Rússlandi. „Við teljum það þó vera okkar verkefni að gefa

íslenskum ræktendum traustari vísindalegan grunn og gæðastaðal en við höfum séð hjá öðrum framleiðendum. Vonir okkar standa til þess að ræktun burnirótar geti orðið aukabúgrein hjá íslenskum bændum og ein afurð verkefnisins verður leiðarvísir um ræktun hennar til sölu. Innanlands er áhugi á að kaupa burnirótarafurðir hjá fyrirtækjum á náttúrulefja- og fæðubótarefnamarkaði og líka á snyrtivörumarkaði. Burnirót var áður borin í hár og nýlega er farið að nota hana í húðvörur, til dæmis í Kína.“

Gagnkvæmur áhugi

Að sögn Þóru var kveikjan að rannsókninni endurflutt viðtal við Mariu Eymundsdóttur og Pálma Jónsson sem búa í Skagafirði og höfðu áhuga á að rækta og selja burnirótarafurðir. „Ég hafði samband við þau til að heyra meira og

Vonir okkar standa til þess að ræktun burnirótar geti orðið aukabúgrein hjá íslenskum bændum og ein afurð verkefnisins verður leiðarvísir um ræktun hennar til sölu.

þau höfðu áhuga á samstarfi. Framleiðsla virkra efna er auðvitað lykilatriði og ég hafði næst samband við Elínu Soffíu Ólafsdóttur, prófessor við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, en hún er sérfræðingur í lyfjafræði náttúru efna og Maonian Xu sem þá vann með Elínu sem nýdoktor. Seinna bættust svo í hópin Snæbjörn Pálsson erfðafræðingur og Guðrún Marteinsdóttir, eigandi húðvöru-

fyrirtækisins Tamar, en bæði eru prófessorar við Háskóla Íslands.“

Virku efnin í stönglinum

Rannsóknarverkefnið er þrjúþætt að sögn Þóru. „Í fyrsta lagi eru vistfræðilegar og erfðafræðilegar rannsóknir á stofnum á ólíkum búsvæðum. Þar ætlum við að bera saman þrjá stofna: láglendisstofn í klettum á Suðausturlandi, stofn á miðhálandinu og svo fjallastofn á Vestfjörðum. Við munum bera saman erfðafjölbreytni og skyldleika stofnanna og svo vistfræðilega þætti. Einnig munum við kanna kynjahlutfall og hvort munur sé á karl- og kvenplöntum.“

Virku efnin eru fyrst og fremst í jarðstönglinum og mun hópurinn safna plöntum og meta framlag til jarðstöngulsins og greina virku efnin í honum. „Það eru til dæmis vísbendingar um að það kunni að vera einhver munur milli karl- og kvenplantna. Við höfum fundið eina rannsókn á virkum efnum með íslenskum efnivíði og þar komu íslensku plönturnar mjög vel út í samanburði við stofna í öðrum löndum.“

Í þriðja lagi verður hluti plantnanna sem safnað verður fluttur norður í Skagafjörð og hann ræktaður í tilraunareitum. „Þar verður meðal annars borinn saman vaxtarhraði plantna af þessum ólíku stofnum, hversu stór jarðstöngullinn verður og í lok styrktímabilsins eftir tveggja sumra ræktun verður styrkur virkra efna aftur mældur. Við munum einnig bera saman ólíka valkosti við fjölgun, það er, að bíta jarðstöngulinn niður eða rækta plöntur upp af fræi.“

Hópurinn býst við fyrstu niðurstöðum í lok árs 2023. ■

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Bátar

MERCURY
Utanborðsmótorar
2,5 - 600 hp.



Verkstæði Vélasölnunnar hefur á að skipa sérhæfum starfsmönnum til viðgerða og viðhalds á **Mercuriser** bátavélum og **Mercury** utanborðsmótorum

Eigum til Mercury mótor á lager
2,5hp - 4hp - 6hp - 9,9hp - 15hp - 20hp og 60hp

Getum útvegað með stuttum fyrirvara 115 hp og 150 hp seapro.

Einnig úrval rafmótorar.



R.SIGMUNDSSON
VÉLASALAN
www.velasalan.is
s. 520 0000, Dugguvogi 1
104 Reykjavík

MARÁS

TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÖNSK GÆÐI!

Léttir Fyrirferðalítillir Hljóðlátir Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hõ

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Húsaviðhald

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningarvinnu. runarmurari.is S. 7743800

Garðyrkja



ALMENN GARÐVINNA OG VIÐHALD

Mah ehf tekur að sér alla almenna garðvinnu og viðhald. Tökum einnig að okkur háþrýstipvott, helluprif og Pallaprif Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Sanngjörn verð, góð samskipti og vönduð vinnubrögð. Hafið samband í 539-5098 eða á mah@mah.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir timar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blada á frettabladid.is

Heilsa

Heilsuvörur



gott cbd.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Allt fyrir veitingahús- atvinnueldhús og kaffihús



Kælar & frystar



Húsgögn



Ofnar



Uppbottavélar



Stál vinnuborð



Kælaborð



Handvagnar



Gastro



Stólar

PAINTBALL – RATTLEIKUR – BREKKUSÖNGUR
SÁPUBOLTI – HLJÓMSVEITIR – HÖPPUKAÐALAR
HÆFILEIKAKEPPNI – SKEMMTIATRÍÐI – JÓGA – SJÁLFSVINNA
LISTASMÍÐJA – VÖFFLUSTEMMNING – DJ – SAMEIGINLEGT GRILL

SKÓGUM

22

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ
UM VERSLUNARMANNAHELGINA



Á Skógum er öll aðstaða og umhverfi eins og best er á kosið.

Skemmtiatriði föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld.
Meðal þeirra sem koma fram eru:

EYJÓLEUR KRISTJÁNSSON – BIRGIR HÁKON
VALBÖRG ÓLAES – ÁSDÍS OLSEN MEÐ JÓGA – RÚNAR ÞÖR
OG HLJÓMSVEITIN TRAP – ÁSAMT UNGUM OG UPPRENNANDI FLYTJENDUM

SKEMMTUM OKKUR SAMAN ÁN ÁFENGIS
OG VÍMUEFNA Á SKÓGUM '22

MIÐASALA Á TIX.IS



Boris, skúrkur eða skoffín?



Guðmundur Einarsson
lífeðlisfræðingur og krati

Margt skemmtilegt gerði Boris Johnson til að lina sjálfum sér og meðborgurum sínum þjáningar og leiðindi hvunn dagsins. Þegar hann var vinsæll borgarstjóri Lundúna fyrir áratug síðan lét hann eitt sinn hafa sig út í að renna sér í aparólu í Viktoríuskemmtigarðinum. Línan var hins vegar svo slök að hann komst ekki til enda hennar, heldur hékk hjálparlaus í tíu mínútur „eins og blautt handklæði á snúru“ að sögn viðstaddra. Með vandræðalegt glott á vörum grátbændi hann áhorfendur um að fleygja til sín spotta. Skipuleggjendurnir drógu hann loks í land. Þetta var einkar óvirðuleg staða og hefði getað grandað venjulegum pólitíkusi, en Boris sló í gegn.

Tíu árum síðar dinglaði hann enn aftur í lausu lofti og þrábað um aðstoð. En þá átti enginn reipi. Í Downingstræti 10 eru því nefnilega takmörk sett hve oft björgunar-sveitirnar eru ræstar út.

Og þess vegna er Boris að verða í þátið. Fjölmíðlar í Evrópu keppast við að skrifa um hann minningar-greinar. En þar sem maðurinn er sprelllifandi þarf að finna þeim réttan stað. Mogginn lætur hann hafa virðulegasta plássið. Hann hefur fengið Reykjavíkurbref, og hver leiðarinn þar öðrum leiðari harmar raunir hans og fjörbrot.

Og úr því að farið er að ræða hér um málgögn evrópskra íhaldsmanna er ekki úr vegi að vitna í Max Hastings, fyrrverandi ritstjóra bresku dagblaðanna Daily Telegraph og Evening Standard, sem bæði, en einkum það fyrrnefnda, hafa tekið og varið málstað íhaldsflokksins.

Í júní 2019 skrifaði Max Hastings grein í The Guardian í tilefni af framboði Borisar Johnsons til formennsku í flokknum. Greinin heitir í lauslegri þýðingu: „Boris Johnson vann hjá mér. Hann er fullkomlega óhæfur til að vera forsætisráðherra“.

Þar segir að ræða megi hvort Boris



Þetta var einkar óvirðuleg staða og hefði getað grandað venjulegum pólitíkusi, en Boris sló í gegn.

sé skúrkur eða skoffín. En hins vegar séu engin álitamál um fullkomið siðleysi hans sem eigi sér rætur í því að hafa sannleikann að engu. Boris sé óhæfur til starfa fyrir þjóð sína af þeirri einföldu ástæðu að hann beri ekki hag nokkurrar manneskju fyrir brjósti nema sjálfs sín. Max segir enn fremur að yrði Boris forsætisráðherra myndi öllum verða ljós fyrirlitning hans á röð og reglu, venjum og stöðugleika. Embættistið hans myndi endast í þrjú til fjögur ár á stöðugum hrakningi úr einu klúðrinu í annað.

Max Hastings reyndist sannspár upp á dag.

En Max segir líka að sem fréttaritari Daily Telegraph í Brussel hafi Boris verið áberandi, enda sé hann

afburða skemmtikraftur. Samtímamönnum hans í Brussel ber líka saman um að hann hafi verið fyndinn og allra manna fjörugastur, hafi ekki endilega mætt á réttum tíma á blaðamannafundina og sjaldnast setið þá til enda.

Ef Boris hefði verið í íslenskri pólitík, hefði hann líklega veitt Guðna Ágústssyni og Össuri Skarphéðinssyni harða samkeppni á þorrablótum og árshátíðum. En lengra nær samanburðurinn ekki, því bæði Guðni og Össur eru alvörumenn og að minnsta kosti annar þeirra er eðalkrati og jafnvel báðir ef vel er að gætt.

Hún Lára móðir mín átti orð yfir karaktera eins og Boris. Hún kallaði þá óttalega glamrara. ■

Þar segir að ræða megi hvort Boris sé skúrkur eða skoffín. En hins vegar séu engin álitamál um fullkomið siðleysi hans sem eigi sér rætur í því að hafa sannleikann að engu.

Hver er raunveruleg stefna ríkisstjórnarinnar?



Guðjón Jensson
leiðsögumaður og eldri borgari í Mosfellsbæ

Stjórnarmyndun haustið 2017 reyndist erfið og afdrifarík. Framsóknarflokkurinn var á móti vinstri stjórn og því var eina leiðin fyrir Katrínu Jakobsdóttur að mynda íhaldsstjórn undir forystu VG. Við höfum því miður setið uppi með ríkisstjórn sem sífellt er að verða afturhaldssamari. Í upphafi virtist fyrri stjórnarmyndunin vera ásættanleg fyrir kjósendur VG, einkum þegar haft var í huga að hálendisþjóðgarður væri í auglýsingu og fyrir-séð var að unnt væri að koma í veg fyrir aukna einkavæðingu opinbers rekstrar einkum á sviði menntunar og heilbrigðismála.

Endurskipulagning ríkisstjórnarinnar eftir síðustu kosningar varð flestum kjósendum VG mjög mikil vonbrigði. Ráðuneytum fjölgað án sýnilegs tilgangs til að mæta sjónarmiðum Framsóknarflokksins. Einn af erfðaprinsum íhaldsins er orðinn umhverfisráðherra sem tengir náttúruvernd saman við orkumál, eins miklar andstæður sem þau sjónarmið hafa reynst vera. Með þessu er hálendisþjóðgarðurinn settur á ís og ekki er fyrrisjáanlegt að náttúruvernd verði sérstakt markmið íhaldsmanna. Þetta voru slæmar breytingar.

Svandís var hrakin úr heilbrigðisráðuneytinu sem hún stýrði mjög vel. Henni var fengið ráðuneyti sem hefur að mestu verið stjórnað af hagsmunaöflunum á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar. Þegar auðmaðurinn Kristján Loftsson hefur að nýju hvalveiðar þrætt



fyrir að augljóst sé að þetta er hið versta glapræði. Svandís virðist ekkert geta aðhafst, auðmaðurinn gerir það sem honum sýnist þrátt fyrir gamaldags hugsunarhátt um hvernig að veiðum er staðið, mjög kvalafullt og engri siðmenntaðri þjóð til framdráttar. Lilja ráðherra ferðamála tekur undir sjónarmið auðmannsins og telur allt vera í besta lagi enda hafa auðmenn góða stjórn á sínu fólki.

En þetta er ekki í samræmi við vilja þjóðarinnar. Þorri fólks hefur lýst andstyggð sinni á þessum siðlausu veiðum sem eru í óþökk þorra

þjóðarinnar. Siðmenntað fólk er á móti hvalveiðum víðast hvar enda hafa þær enga fjárhagslega þýðingu fyrir íslenska þjóðarbúið. Auðmaðurinn Kristján telur sig geta hagnast um hálfan fjórða milljarð í ár en það er töluvert innan við 0,5% af árlegum ríkisútgjöldum. Við eigum von á miklum áróðri að utan frá samtökum sem láta sig umhverfismál og dýravernd miklu skipta. Verður þá að fornum hætti brugðist við sjónarmiðum erlendra aðila með hroka og jafnvel heimsku eins og oft hefur borið við?

Fréttablaðið birti 5. júlí afburða

Þorri fólks hefur lýst andstyggð sinni á þessum siðlausu veiðum.

góða grein eftir Ole Anton Bieltvedt: Það hlýtur að vera eitthvað að okkur sem þjóð. Þessa grein ættu sem flestir að lesa enda koma þar fram grafalvarlegar athugasemdir um framkvæmd hvalveiða sem eru okkur sem þjóð til háborinnar skammar.

Fyrir nokkrum árum lagði VG fram frumvarp til breytinga á skattalögunum þar sem lægsta skattþrepið var fært niður í 32%. En auðmaðurinn og formaður Sjálfstæðisflokksins lækkaði skattleysismörkin þannig að skattbyrði þeirra lægstlaunuðu varð óbreytt. Þessi viðleitni VG til að koma til móts við þá lægstlaunuðu í samfélaginu missti marks, en hins vegar kom þetta hátekjufólki til góða. Til þess voru refirnir skornir. Skattalækkun í þágu hátekjufólks er auðvitað meginmarkmið íhaldsflanna en að koma skattbyrðinni yfir á þá tekjulægri.

Úkraníustríðið hefur valdið straumhvörfum um allan heim. Það hefur reynst gríðarlegur hvalreki fyrir hergagnaframleiðendur. Á næstu árum er mikil hætta á að auknu opinberu fé verði eftirleiðis varið meira í vopn og hernað í stað þess að nýta það í þágu þegnanna sjálfra, m.a. til aukinnar menntunar og til að bæta heilbrigðisþjónustu.

Það verður að teljast mjög mikil biræfni auðmanna að fá VG til að bera ábyrgð á ýmsu sem auðvitað mætti betur fara í okkar samfélagi. Er tilgangurinn að vísa allri ábyrgð sem illa hefur tekist að VG í stað þess að aðrir stjórnálamenn sem málin varða, axli sjálfir ábyrgð? ■

ÚTI FLÍSAR

FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

MIKIÐ
ÚRVAL
Á LAGER

VIÐHALDSFRÍAR - AUÐVELT AÐ LEGGJA - ENDINGARGÓÐAR



ALFABORG

- allt a gólfð -

Skútvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Merkisatburðir

- 1783** Eldmessa Jóns Steingrímssonar er sungin á Kirkjubæjarklaustri. Stöðvast þá framrás hraunsins skammt þaðan frá og er það pakkað trúarhita prestsins.
- 1798** Þeir fáu menn sem sótt hafa Alþingi fara heim frá Þingvöllum vegna slæms aðbúnaðar. Þar með lýkur þinghaldi á Þingvöllum.
- 1934** Starfsstúlknafélagið Sókn er stofnað sem stéttarfélag starfsstúlkna á sjúkrahúsum.
- 1946** Áætlunarbifreið hvolfir og upp kemur eldur í henni við Gljúfurá í Borgarfirði. Um borð eru 22 farþegar og slasast fimmtán þeirra, þó enginn alvarlega og allir komast frá borði áður en bíllinn brennur til ösku.
- 1947** Ólafur krónprins Noregs afhjúpar styttu af Snorra Sturlusyni eftir norska myndhöggvarann Gustav Vigeland, á Snorrahátíð í Reykholti í Borgarfirði.
- 1968** Opnuð er vatnsleiðsla sem lögð er til Vestmannaeyja frá Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum.
- 1973** Frakkar taka upp kjarnorkusprengingar í tilraunaskyni á Mururóa að nýju, þrátt fyrir mótmæli Ástralíu og Nýja-Sjálands.
- 1976** Lendingarfar Viking 1 lendir á Mars.
- 1980** Brasilíska fyrirsætan **Gisele Bündchen** fæðist.
- 1983** Herlög eru af-
numin í Póllandi og
pólitiskum föngum
sleppt.
- 1999** Kínversk stjórnvöld
banna Falun Gong-hreyfinguna.
- 2001** Griðarleg mótmæli eiga sér stað þegar fundur átta
helstu iðnríkja heims hefst í Genúa á Ítalíu. Einn
mótmælandi er skotinn til bana af lögreglumanni.
- 2015** Bandaríkin og Kúba endurreisa stjórnálasamband
sitt eftir 54 ár.



Særa Sigurður Már Hannesson segist hafa lært snemma að bera virðingu fyrir kirkjunni og trúnni.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Guðspjónusta og græjusport

Nýskipaður prestur Seljakirkju
sá prestsstarfið ekki fyrir sér á
fermingaraldrinum en fann sig í
guðfræðinni.

arnartomas@frettabladid.is

„Þegar ég sat í fermingarfræðslu sem
ungur þjakkur hefði maður aldrei getað
ímyndað sér að eftir einhver tuttugu ár
yrði maður orðinn prestur, og þeir sem
þekktu mig hefðu ekki getað ímyndað
sér það heldur,“ segir særa Sigurður Már
Hannesson, sem var nýlega skipaður til
að vera prestur við Seljakirkju í Reykja-
vík. „Þetta leggst bara gríðarlega vel í
mig.“

Sigurður Már sér fram á spennandi
tíma fram undan þótt hann sé hnugg-
inn yfir að vera að kveðja sinn gamla
vinnustað, en hann starfaði áður hjá
Kristilegu skólahreyfingunni sem æsku-
lýðsprestur.

*Talandi um æskulýðinn, þá hlýtur þú
verandi þrjátíu og tveggja ára gamall að
vera ansi ungur í hettunni, ef svo má að
orði komast?*

„Jú, ég er í yngri kantinum, en alls ekki
sá yngsti,“ segir Sigurður Már og hlær.
„Ég held að það sé særa Árni Þór Þórsson
í Vík sem er fæddur 1995 og er yngsti
prestur landsins.“

Trúin og internetið

Prestsstarfið var ekki hluti af áformum
Sigurðar Márs frá unga aldri.

„Ég kem ekki beinlínis úr mjög heit-

”

Jú, ég er í yngri kantinum,
en alls ekki sá yngsti.

trúaðri fjölskyldu, en ég lærði snemma
að bera virðingu fyrir kirkjunni og
trúnni,“ segir hann. „Ég átti mína barna-
trú en ég lagði þó kannski ekki mikla
rækt við hana fyrr en seinna.“

Á unglingsárunum fór Sigurður Már
svo að rannsaka hlutina betur og hafði
internetið sitt að segja á mótunartím-
anum.

„Ég er af þessari fyrstu kynslóð sem
elst mikið upp í kringum internetið,“
segir hann. „Þar fékk ég aldeilis að kyn-
nast því að það væri verið að gera lítið úr
trúnni, án þess að reyna að vera að gera
neitt fórnarlamb úr mér eða kirkjunni.
Ég var nýbúinn að staðfesta trúna og
ákvað að fyrst ég væri á annað borð
kristinn þá skyldi ég vera það almenni-
lega.“

Í kjölfarið fór Sigurður Már að rækta

trúna í auknum mæli. Eftir útskrift úr
Verzló fór hann upphaflega í viðskipta-
fræði en tók fljótlega stefnuna yfir í guð-
fræði.

„Viðskiptafræðin er svona fjölskyldu-
hobbið, pabbi er viðskiptafræðingur og
öll mín systkini vinna í banka. Námið
í viðskiptafræðinni einkenndist þó af
vissu metnaðarleysi,“ segir hann, en
tekur þó ekki fyrir að námið gæti nýst
í bókhaldi kirkjunnar. „Ég ákvað þá að
venda mínu kvæði í kross og skrá mig í
guðfræði sem heillaði mig. Þetta er fjöl-
breytt og spennandi nám. Þar fann ég að
þetta væri mín köllun í lífinu, að vinna
innan kirkjunnar.“

Uppeldið er græjusport

Spurður um áhugamál segist Sigurður
Már eiga fullt í fangi með eins árs gaml-
an frumburðinn.

„Hobbitíminn fer að miklu leyti í
þetta,“ segir hann og bætir við að for-
eldrahlutverkið sé mikið græjusport.
„Rétt eins og í stangveidinni þá þarf
að kaupa mikið af græjum í kringum
börnin. Annars vill maður ferðast eins
mikið og hægt er og kíkja í stangveiði
þegar tækifæri gefst.“

*Ef þú værir nú bara kaþólskur þá hefði
verið auðvelt að vinna með einhvers
konar orðagrin í kringum tvöfalt föður-
hlutverk.*

„Ég vígðist einmitt sama ár og ég varð
faðir, svo ég hefði getað orðið tvöfaldur
faðir ef ég hefði nú bara verið kaþólsk-
ur!“ ■

Þetta gerðist: 20. júlí 1969

Bandaríkjamenn lenda á tunglinu

Geimfarinu Appolló 11 var skotið á loft þann 16. júlí frá
geimferðastöð í Flórída þann 16. júlí 1969. Um borð voru
geimfararnir Neil Armstrong, Buzz Aldrin og Michael Collins.
Markmið þeirra var að lenda á Tunglinu fyrstir manna og
sgra þar með Sovétríkin í geimkapphlaupinu.

Um 530 milljónir fylgdust með því í beinni útsendingu
þegar Neil Armstrong varð fyrsti maðurinn til að stíga fæti
á annan hnött og mælti ódauðlegu orðin: „Þetta er eitt lítið
skref fyrir mann, eitt risastökk fyrir mannkynið.“

Tunglgangan stóð yfir í um tvo og hálfan tíma og hófu
geimfararnir þá að undirbúa heimför. Um borð í farinu
höfðu þeir með sér grjót og önnur sýni frá yfirborði
tunglsins. Þeir lentu aftur í Kyrrahafinu skammt frá Hawaii
þann 24. júlí og eftir þriggja vikna einangrun var áfanganum
fagnað með miklum hátíðahöldum í Chicagó-borg. ■



Buzz Aldrin gengur á tunglinu.



+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug við andlát og útför
ástkærrar eiginkonu minnar,
móður, ömmu og langömmu,

Dagrúnar Erlu Ólafsdóttur

Sóleyjaríma 5, Reykjavík.

Steinar Rafn Erlendsson

Steinunn Kjartansdóttir

Ólafur Haraldsson

Þórarinn Haraldsson

barnabörn og barnabarnabörn.



+

Okkar innilegustu þakkir fyrir
auðsýnda samúð og hlýhug vegna
andláts og útfarar yndislegrar móður,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

Brynhildar J. Bjarnarson

Hjúkrunarheimilinu Mörk,
áður til heimilis að Klapparstíg 5a,
Reykjavík.

Sturla Rafn Guðmundsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Elin Guðmundsdóttir
Hafsteinn Guðmundsson
Jón Bjarni Guðmundsson

Eyrún Ísfold Gísladóttir
Bergþór Guðjónsson
Páll Þórnar
Soffía Káradóttir
Brynhildur Ósk Pétursdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



+

Elsku hjartans móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
Hjördis Sigurbjörnsdóttir

bóndi á Skarði,
Dalsmynni,

lést í faðmi fjölskyldunnar að heimili
sínu 17. júlí. Útför hennar mun fara fram
í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Sigurbjörn Ingi Skirnisson
Jón Bragi Skirnisson
Jóhann Skirnisson
Bessi Skirnisson
Hannes Trausti Skirnisson
Skafti Skirnisson
Sigurlaug Skirnisdóttir
Guðrún Elfa Skirnisdóttir
Hjördis Sunna Skirnisdóttir
Brynjólfur Gunnarsson

Kristín Tryggvadóttir
Sigurbjörg H. Pétursdóttir
Freydís Á. Halldórsdóttir
Eiríksína Þorsteinsdóttir
Katrín Eymundsdóttir
Kristbjörg L. Jóhannesdóttir
Viðir Ársælsson
Kjartan Guðmundsson
Magnús Þór Helgason
Anna Birna Sæmundsdóttir

ömmu- og langömmubörn.

Blaðið með bollanum



FRÉTTABLAÐIÐ

Taktu Fréttablaðið með í fríð

Fréttablaðs-appið gerir þér kleift að
lesa blað dagsins í snjalltækinu þínu.
Hvar sem er, þegar þér hentar.

Sæktu appið hér



Opnaðu myndavélina í símanum
og skannaðu QR kóðann

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Hafnir Íslands (e) Heimildapættir um hafnir Íslands og samfélög hafnarbyggða, þættirnir eru frá 2017 og voru í umsjón Lindu Blöndal og Friðþjófs Helgasonar.
- 19.30 Veidið með Gunnari Bender (e) Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árbakkanum, og sýnir þeim allt sem við kemur veiði.
- 20.00 Sir Arnar Gauti (e) Lifsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Hafnir Íslands (e)

RÚV Sjónvarp

- 10.00 HM í frjálsíþróttum Upptaka frá HM í frjálsíþróttum. e.
- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Sumarlandabrot
- 13.15 Útsvar 2012-2013 Ísafjarðarbær - Akureyri.
- 14.15 Í garðinum með Gurrý Frágangur.
- 14.45 Söngvaskáld Ragnheiður Gröndal.
- 15.25 Sumarlandinn
- 16.00 Orðbragð
- 16.30 Nýjasta tækni og vísindi
- 17.00 Græni slátrarinn
- 17.30 KrakkaRÚV
- 17.31 Tölukubbar
- 17.36 Skotti og Fló
- 17.43 Lundaklettur
- 17.50 Lestrarhvatni
- 17.57 Hæ Sámur
- 18.04 Sjóræningjarnir í næsta húsi
- 18.15 Víkingaprinsessan Guðrún
- 18.20 Sumarlandabrot
- 18.30 Fréttayfirlit Fréttir
- 18.35 EM stofan Upphitun fyrir leik
- 18.50 England - Spánn Bein útsending frá leik í átta liða úrslitum á EM kvenna í fótbolta.
- 20.50 EM stofan Uppgjör á leik.
- 21.00 Fréttir
- 21.25 Íþróttir
- 21.30 Veður
- 21.35 Vikinglottó
- 21.40 Versalir. Versailles
- 22.30 Gullregn
- 23.20 HM í frjálsíþróttum Bein útsending frá HM í frjálsíþróttum í Oregon í Bandaríkjunum.
- 02.20 Dagskrárlök

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 How We Roll
- 15.25 Ræktum garðinn
- 15.40 Black-ish
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens (21/25) Bandarísk gamanþáttaröð
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Kenan
- 19.40 The Neighborhood
- 20.10 George Clarke's Remarkable Renovations
- 21.05 Transplant
- 21.55 Annika Breskir sakamálaþættir um Anniku sem er rannsóknarlögregla í Skotlandi og er starfsvettvangur hennar áin Clyde í Glasgow.
- 22.45 Love Island
- 23.30 The Late Late Show
- 00.15 FBI
- 01.00 The Rookie
- 01.45 Impeachment
- 02.30 The L Word. Generation Q
- 03.25 Love Island
- 04.10 Tónlist

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.15 The Mentalist
- 08.55 Bold and the Beautiful
- 09.20 Manifest
- 10.00 The Great British Bake Off
- 11.00 Blokk 925
- 11.25 Matargleði Evu
- 11.40 Um land allt
- 12.20 Nágrannar
- 12.40 30 Rock
- 13.00 Ísskápastríð
- 13.30 Gulli byggir
- 14.15 Suits
- 15.00 Fósturbörn
- 15.25 Temptation Island
- 16.05 Lóa Pind. Örir íslendingar
- 16.50 Flirty Dancing
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.27 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.45 Sportpakinn
- 18.50 Æði
- 19.05 Backyard Envy
- 19.50 The Good Doctor
- 20.30 Coroner
- 21.15 Unforgettable
- 22.00 Quiz
- 22.45 The Sinner
- 23.40 Animal Kingdom
- 00.25 The Mentalist
- 01.10 Manifest
- 01.50 30 Rock
- 02.10 Suits
- 02.55 Temptation Island

Hafnir Íslands á dagskrá Hringbrautar

Það skortir ekki sögurnar og ævintýrin þegar horft er á þáttaröðina Hafnir Íslands sem er á dagskrá Hringbrautar í sumar, en hún var upprunalega sýnd á sjónvarpstöðinni fyrir fimm árum. Í þáttunum sækir sjónvarpskonan Linda Blöndal nokkrar helstu hafnir landsins heim og segir sögur þeirra með aðstoð fróðra viðmælenda af heimaslóðum. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

- LÁRÉTT
- 1 afkimi
- 5 sáðkorn
- 6 í röð
- 8 síun
- 10 íþróttafélag
- 11 jafnvel
- 12 stælir
- 13 geri
- 15 bóma
- 17 matjurt

- LÓÐRÉTT
- 1 úr vegi
- 2 sporléttur
- 3 gaul
- 4 tvíbaka
- 7 skjótast
- 9 blettur
- 12 lykta
- 14 oddi
- 16 skyldir

LÁRÉTT: 1 afvik, 5 frá, 6 rs, 8 sáldun, 10 í, 11 eða, 12 spar, 13 inni, 15 seglæs, 17 salát. LÓÐRÉTT: 1 afsíðis, 2 frá, 3 væl, 4 krúða, 7 snarast, 9 depill, 12 anga, 14 nes, 16 aa.


Sudoku

		6		5		1	4	8
8	3							6
	2	4	6	7		3		
	4	9		3		5	1	
					7	4		
		1			9	8		3
9		3					5	
		2		6				
	6		2		3			

		3				6	1	4
		9						
			7	4				
			6			7		
			9		7	1	3	
6	8		1					9
	9		8				4	
7				1				5
2					5	9	7	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Eldað Með Hönnu Þóru

Skannaðu kóðann

HAGKAUP
frettabladid.is

Eldað með Hönnu Þóru eru örþættir á frettabladid.is. Þættirnir eru sýndir þrisvar í viku, þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga.

Hanna Þóra sýnir hvernig á að útbúa ketó veislur fyrir alla fjölskylduna á einfaldan og fljótlegan máta.

„fyndnasta mynd ársins„
-variety



ILLUMINATION KYNNIR

SKÓSVEINARNIR

GRU RÍS UPP

komín í bíó

HÁSKÓLA BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS

ALFABAKKI
SAMBÍÓ

SAM BÍÓ
EGILSHÖLL

KRINGLAN
SAMBÍÓ

SMÁRA BÍÓ

AKUREYRI
SAMBÍÓ

KEFLAVÍK
SAMBÍÓ

Bíóhúsið

ILLUMINATION

Hrafnshreiðrið varð allsherjar myndlíking



Þorvaldur S. Helgason

tsh
@frettabladid.is

Sarah Thomas fluttist búferlum frá Englandi í Hnífsdal í miðju efnahagshruninu. Hún hefur nú sent frá sér bókina *The Raven's Nest* þar sem hún fjallar um upplifun sína af landi og þjóð.

Breski mannfræðingurinn og rithöfundurinn Sarah Thomas heimsótti Ísland fyrst árið 2008, heillaðist af landi og þjóð og flutti í Hnífsdal þar sem hún bjó um nokkurra ára skeið. Sarah skrifaði bókina *The Raven's Nest*, eða Hrafnshreiðrið, byggða á upplifun sinni af Íslandi sem hún lýsir sem vistfræðilegum endurminningum.

„Að flytja til Íslands var ófyrir-seð, það eiginlega kom fyrir mig og var ekki eitthvert stórt plan. Ég kom árið 2008, rétt fyrir hrunið. Mér var boðið að sýna kvikmynd á kvikmyndahátíð á Ísafirði fyrir mannfræðinga. Þetta átti bara að vera einnar viku vinnuferð sem svo algjörlega sprengdi í mér heilann,“ segir Sarah.

The Raven's Nest kom út í Bretlandi á dögunum og er Sarah stödd hér á landi til að kynna bókina, meðal annars á Vestfjörðum. Sarah segir náttúru Íslands hafa verið stór-an part af því af hverju hún ákvað að flytja hingað á sínum tíma.

„Ég held að það hafi að miklu leyti snúist um birtuna. Ég veit að það hljómar kannski sjálfsagt fyrir Íslendinga en að vera á stað þar sem það er bjart klukkan tvö um nótt sneri á vissan hátt hausnum mínum á hvolf.“

Skipti tímanum á milli landanna

Að sögn Söruh gerðust hlutirnir mjög náttúrulega í kjölfarið. Sumarið 2009 var henni boðið sumarstarf í Landmannalaugum, hún hóf svo samband með íslenskum manni og fluttist í Hnífsdal á Vestfjörðum.

„Ég kom þangað á hverju sumri þar til ég fluttist alfarið 2010. Síðan um veturinn 2012, eftir að ég gifti mig, ákváðum við að prófa að hafa vetursetu á Englandi og koma svo til Íslands á sumrin. Þetta voru tvö ár af fastri búsetu en síðan sex ár af því



Sarah fyrir ofan Hnífsdal sumarið 2019.

MYND/ADSEND



Sarah hefur komið til Íslands nánast á hverju sumri síðan 2008. Hér má sjá hana í Hornvík á Hornströndum sumarið 2019.

MYND/ADSEND

Mér liður eins og ég sé búin að vera í langtíma-sambandi við Ísland og kem hingað á hverju sumri.

að deila tímanum á milli Englands og Íslands. Mér liður eins og ég sé búin að vera í langtímasambandi við Ísland og kem hingað á hverju sumri,“ segir hún.

Sarah vann við búskap í Hnífsdal og segist vera fegin því að hún ákvað að skrifa um reynslu sína af því lífi í bókinni, enda hafi margt breyst síðan þá.

„Tímabilið sem bókina fjallar um virkar mjög ólíkt Íslandi dagsins í dag. Ég er ánægð með að hafa náð að fanga það, af því á þeim tíma leið mér eins og ég væri að ná í skottið á ákveðnu sögulegu tímabili hvað varðar búskaparhætti. Hlutirnir voru að breytast og fólkið á landsbyggðinni var að takast á við þessar breytingar, til dæmis hvað varðar

stórfyrirtæki sem voru að gleypa upp fiskveiðikvótann,“ segir hún.

Heillaðist af hrafnshreiðri

Sarah lýsir *The Raven's Nest* sem vistfræðilegum endurminningum, bæði að því leyti að bókina fjallar um umhverfismál og ágang mannsins á náttúruna en einnig að því leyti að hún fjallar á heildrænan hátt um það hvernig mannlíf og náttúra tengjast órjúfanlegum böndum.

Titillinn *The Raven's Nest* kom til Söruh þegar hún sá hrafnshreiður á Náttúrugripasafninu í Bolungarvík.

„Það var um metri á breidd og sett saman úr alls kyns hlutum eins og fiskineti, beinum og meira að segja hrífu. Smíðin var eins og einhvers konar samþiningur margra tegunda. Mér fannst það svo áhugavert í ljósi þess hvernig við tölum um mannöldina og hvernig mannkynið hefur sett mark sitt á

jörðina á óafturkræfan hátt. Mér fannst dásamlegt hvernig hrafinn var búinn að nota manngerða hluti til að búa til harðgert heimili og upplíði þetta sem ákveðið samtal við náttúruna sem varð svo að allsherjar myndlíkingu fyrir bókina,“ segir Sarah.

Heldurðu að bókina muni höfða til Íslendinga?

„Ég get ekki fullyrt að Íslendingum muni finnst bókina áhuga-verð en ég vona að einhverjir þeirra muni hafa áhuga á utanaðkomandi sjónarhorni á sitt eigið land. Andri Snær Magnason las bókina og gaf henni sín meðmæli. Í ummælunum sem hann skrifaði visar hann í eitt af ykkar þekktari máltækjum: Glögg er gests augað. Kannski sé ég einhverja hluti sem Íslendingar sjá ekki vegna þess að þeir eru svo vanir þeim.“ ■

Sönghátíð sem verður betri og betri

TÓNLIST

Hnattferð

Verk eftir Albeniz, Jáuregui, Alís, León, Derriça, Granados og Sigvalda Kaldalóns.

Flytjendur: Sonor Ensemble

Söngur: Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir

Hafnarborg

Sunnudaginn 10. júlí

Jónas Sen

Mark Twain sagði eitt sinn að það þyrfti að skipta oft um stjórnmálamenn og bleiur – af sömu ástæðu. Hann var einstaklega orðheppinn og gat verið mjög fyndinn. Öllu alvarlegri undirtónn var í ljóðinu *Warm Summer Sun*, sem er hugleiðing um lífið og endalok þess. Ljóðið var tónsett af Francisco Javier Jáuregui og flutt á lokatónleikum Sönghátíðar í Hafnarborg á sunnudaginn.

Í takti við stuttan og hnitmiðaðan kveðskapinn var tónlistin fremur einföld, en aldrei einfeldningsleg. Hún var leikin af Sonor Ensemble (fimm strengjaleikurum og piano-leikara) og tónskáldinu sjálfu á gítar. Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran söng.



Skáldskapurinn var hrifandi og byggðist á mjög fábrotnum hljómagangi, reyndar meiri partinn á einum liggjandi hljómi. Sannfærandi stigmögnun var í tónlistinni, hljóðfæraleikurinn var þéttur og söngurinn tilfinningaþrunginn og hrifandi. Þetta var mergjað.

Umhverfis hnöttinn

Tónleikarnir voru helgaðir Magellan-Elcano leiðangrinum, þegar ferðast var umhverfis hnöttinn í

fyrsta sinn. Um þessar mundir eru fimm hundruð ár síðan leiðangrinum lauk. Eitt verkið á efnisskránni, eftir Tiago de Sousa Derriça, var um þessa miklu sjóferð, og gat að heyra tvo þætti.

Textinn við annan þeirra var eftir Rómverjann Seneca, spádómur um landafundi, sem rættist mörgum öldum síðar. Tónlistin var stórbrotin og svipsterk, full af dramatískum andstæðum. Guðrún Jóhanna söng af sannfærandi til-

þrifum, flæðið í túlkun hennar var óheft, með djúpri og kröftugri undiröldu.

Svipaða sögu er að segja um flutning hennar á tveimur söngljóðum eftir Román Alís. Þau voru ofsafengin, en einnig blíð og söngurinn var stórbrotinn og tignarlegur. Gaman var líka að þremur baskneskum þjóðlögum í úsetningu Jáuregui, sem voru margbreytileg og litrík. Hljóðfæraleikurinn var það einnig, hlaðinn blæbrigðum.

Sonor Ensemble, Luis Aguirre, Guðrún Jóhanna og Francisco Javier á lokatónleikum Sönghátíðar í Hafnarborg.

MYND/
HAFNARBORG

Margbrotin efnisskrá

Sama má reyndar fullyrða um efnisskrána í heild sinni. Sumt var vissulega alvarlegt og dapurlegt, en sólin kom nokkrum sinnum fram undan skýjunum. Cadiz og Sevilla eftir Albeniz voru gædd miklu stuði og tveir argentínskir dansar eftir León voru svo hamslausir í ástríðuþrungnum hápunktunum að það var eiginlega fyndið – á góðan máta.

Loks ber að nefna aukalagið, sem var Ave María eftir Sigvalda Kaldalóns í útsetningu hljómsveitarstjórans, Luis Aguirre. Það var gætt viðeigandi andakt. Hljóðfæraútsetningin umvafði sönginn einkar fallega og lyfti honum upp í hæstu hæðir.

Sonor Ensemble stóð sig ágætlega á tónleikunum. Sellóíð var að vísu ekki alveg hreint í byrjun, en svo lagaðist það. Það var einmitt mjög fallega leikið sellósólo í millispili úr óperunni Goyescas eftir Granados. Í heild var leikur allra agaður og nákvæmur, en líka kraftmikill og glæsilegur þegar við átti. Þetta var góður endir á metnaðarfullri sönghátíð sem verður betri og betri með hverju árinu. ■

NIÐURSTAÐA: Flottir tónleikar með athyglisverðri og skemmtilegri tónlist.

Það sem boðið er upp á í fyrstu tannlæknaskoðun hjá Kreativ Dental

Við bjóðum:

- ▶ Fría skoðun og ráðgjöf hjá reynslumiklum tannlæknum og margverðlaunaðri tannlæknastofu
- ▶ Fría heilkjálkaröntgenmynd (opg xray)
- ▶ Flug greitt allt að 180 evrum (*Sjá skilyrði)
- ▶ Fría nótt á samstarfshótelum (**sjá skilyrði)
- ▶ Þjónustuborð á flugvellinum í Búdapest þar sem tekið er á móti okkar gestum strax við komu til borgarinnar
- ▶ Frían akstur á milli flugvallar og samstarfshótela (Arena og Hungaria) við komu og brottför
- ▶ Frían akstur á milli Kreativ Dental og samstarfshótela (Arena og Hungaria)
- ▶ Að öll gögn séu fáanleg á íslensku, þ.e. meðferðaráætlanir, reikningar, útskýringar á meðferðum og þjónusta á íslensku
- ▶ Að þeir sem klára meðferð hjá Kreativ Dental fái fría skoðun árlega með heilkjálkaröntgenmynd hjá Kreativ Dental í Búdapest til framtíðar!

Skilyrði:

* Flug. Hefjist meðferð hjá Kreativ Dental innan 6 mánaða frá því ráðgjöf var veitt verður flugmiði niðurgreiddur um allt að 180 evrum ef heildarkostnaður samkvæmt meðferðaráætlun er hærri en 1.800 evrum.
** Frí nótt á samstarfshótelum. Frí nótt er í boði hjá einu af samstarfshótelum okkar ef einstaklingur dvelur á því hóteli yfir þann tíma sem fyrsti hluti meðferðar/ráðgjafar tekur.



Nýtt bros
-
Nýtt líf

Kreativ Dental Ísland

Heimasíða:
kreativdental.is

Facebook:
[kreativdentalisland](https://www.facebook.com/kreativdentalisland)

Tölvupóstur - Upplýsingar - Tímabókanir:
grimur@kreativdentalclinic.eu

Sími:
(+354) 859 9403 (frá 9-13)

Allar vikur eru TANNHEILSUVIKUR hjá Kreativ Dental í Búdapest!

25 ára reynsla



Kreativ Dental Ísland

- ▶ Rúmlega 4000 íslendinga hafa fengið þjónustu hjá okkur frá árinu 2016!
- ▶ Stöðug þróun
- ▶ Fjöldi alþjóðlegra viðurkenninga
- ▶ Spara má 50 - 70 % af tannlæknakostnaði

“Nýtt bros – Nýtt líf”



Lindy Hop er djassdans sem kemur frá Bandaríkjunum. MYND/GETTY.

Stærsta Lindy hop hátíð heims í Roslagen í Svíþjóð

ninarichter@frettabladid.is

Stærsta Lindy hop-danshátíð heims hófst í vikunni í sænska smábænum Herräng í Roslagen. Þar eru 422 manns skráðir til heimilis en í vikunni fjölga í bænum um nokkur þúsund, þar sem gestir af 75 mismunandi þjóðernum koma saman til að dansa.

Lindy hop er amerískur dansstíll sem rekur upphaf sitt til afrísk-amerískra dansara í Harlem í New York. Talið er að dansinn hafi fyrst verið stígnn árið 1928 og hafi þróast síðan þá.

Dansinn var sérstaklega vinsæll seint á fjórða áratugnum og snemma á hinum fimmta. Lindy hop má túlka sem blöndu af mörgum eldri dönsum, en er helst talinn byggja á djassi, steppdansi, breakaway og Charleston-dansi. Lindy hop er gjarnan lýst sem djassdans og hann tilheyrir swingdansfjölskyldunni svokölluðu.

Í dag er Lindy hop dansaður um allan heim, bæði sem samkvæmisdans en einnig sem keppnisdans og sýningadans.

Skipuleggjandi danshátíðarinnar, Daniel Heedman, segir í samtali við SVT að danskennsla fari fram á daginn en á kvöldin sé dansað saman í félagsmiðstöðinni á staðnum. „Við höfum fengið ótrúlegan stuðning frá swingdönsurum um allan heim,“ segir hann.

Heedman bindur vonir við að Svíþjóð geti orðið miðpunktur Lindy hopsins. Hann segir stofnanda hátíðarinnar, Lennart Westerlund, hafa enduruppgötvað dansinn og leitað til nokkurra af gömlu dönsurum frá Harlem, og þar á meðal sé Frankie Manning sem fór með Westerlund til Svíþjóðar sem danskennari. Herräng hafi verið góður staður fyrir danshátíðina því húsnæðið hafi verið ódýrt og þeir hafi haft aðgang að félagsmiðstöð. ■

Töffari og tiskufrömuður í tónlistinni

Poppstjarnan Dua Lipa hefur sópað að sér verðlaunum á stuttum ferli. Hún gaf út fyrsta lagið árið 2017 og hefur síðan fjöldaframleitt hvern smellinn á fætur öðrum. Dua Lipa er tiskufrömuður með meiru og hefur átt blómlegan fyrirsætuférl samhliða tónlistinni.

ninarichter@frettabladid.is

Það skyldi engan undra að tiskuhúsin leitist við að klæða poppstjörnuna Dua Lipa. Hún hefur prýtt forsiður stærstu tiskutímarita heims og setið fyrir í herferðum fyrirtækja á borð við Adidas, Versace og Topshop. Nýjasta stóra samstarfsverkefni stjórnunnar er við íþróttavörurisann Puma og er þetta í annað sinn sem fyrirtækið vinnur með söngkonunni. ■



Það er ekki heiglum hent að klæðast gegnsæu setti eins og þessu.



Söngkonan lét sig ekki vanta á Grammy-hátíðina þar sem hún hefur prisvar hlotið verðlaun.



Dua Lipa í útgáfupartii um helgina, vegna fatalínu sem hún vann að í samstarfi við Puma.

Dua Lipa vakti athygli fyrir fallegan stíl á viðburði á vegum Spotify-streymisveitunnar sem haldinn var á kvikmyndahátíðinni í Cannes í Frakklandi í júní.

Dua Lipa hikar ekki við að leiða tiskuna og sést hér í skemmtilegu gallasetti.



Tónlistarkonan hefur starfað sem fyrirsæta samhliða poppferlinum.



Dua Lipa heldur mikið upp á skærgræna litinn sem er áberandi í stíl söngkonunnar, bæði hversdagslega en einnig á sviðinu og á tiskutengdum viðburðum.

Danir rannsaka strumpatónlistarsöguna

ninarichter@frettabladid.is

Danskir rannsóknarblaðamenn hafa lagst yfir heldur sérstaka ráðgátu danska tónlistarheimsins. Á vef DR má sjá niðurstöður umfangsmikillar rannsóknar á röddunum á bak við hina gríðarlega vinsælu dönsku strumpa sem lituðu barnæsku svo margra Dana á tiunda áratugnum, sem, líkt og íslenska útgáfan Strumpastuð, fangaði ófá hjórtu. Um er að ræða strumputsetningar á vinsælum popplögum síns tíma. Í strumpalögum er sungið í orðastað strumps eða um strumpa, um hegðun þeirra og atferli.

Niðurstaðan í stóra danska



Í strumpalögum er sungið í orðastað strumps eða um strumpa, hegðun þeirra og atferli.

strumpamálinu er sú að pródúsentinn Jesper Ranum beri ábyrgð og hafi samið við plöturisann EMI um að framleiða danskar útgáfur af dansvænum og barnvænum

strumpalögum, til að koma Dönunum í strumpastuð.

Á Íslandi var upptaka Strumpastuðs í höndum Nick Cathcart-Jones og tókur fóru fram í Grjótnámunni í nóvember 1996. Útgefandi

var Spor og norskir hljóðfæraleikarar önnuðust undirleik fyrir utan Mána Svavarsson sem lék á öll hljóðfæri í laginu Makarena.

Þá voru íslensku strumparnir Björgvin Ploder, Einar Rúnarsson og Eva Ásrún Albertsdóttir. Söngtexta íslensku strumpanna orti Jónas Friðrik Guðnason. Umsjónarmaður verkefnisins var Jónatan Garðarsson og Steinar Berg Ísleifsson var titlaður strumpastjóri. Birna Lind Björnsdóttir fékk titilinn símastrympa en svo kemur fram að upptaka og stjórn undirleiks hafi farið fram í Arcade Music Studio af G.O. Bokstad fyrir G-style Production. ■





Valin tjöld á allt að
30% afslætti

Tilboðsdagar



Vango Osiris 500
5 manna fjölskyldutjald
99.995,- 69.997,-



Vango Stargrove 600 XL
6 manna fjölskyldutjald
129.995,- 90.997,-



Vango Winslow 500
5 manna fjölskyldutjald
69.995,- 48.997,-



Vango Joro 450
4 manna fjölskyldutjald
114.995,- 80.497,-



Vango Comfort 7.5 single
7.5 cm tjalddýna
18.995,- 15.196,-



Vango Universal Carpet
Margar Staðir
30% afsláttur



Vango Borð
Flott úrval af tjaldborðum
20% afsláttur



Vango Stólar
Flott úrval af útilegustólum
20% afsláttur



Mammut Ducan High
Léttir Gönguskór. Gore-Tex
35.995,- 28.796,-



Mammut Sapuen High
Léttir Gönguskór. Gore-Tex
33.995,- 27.196,-



Mammut Lithium 15L
Léttur göngupoki í útileguna
17.995,- 14.396,-



Mammut Nordic OTI 3-Season
Fíbersvefnpoki í ferðalögin
28.995,- 23.196,-




Everest

Povl Dissing er látinn

ninarichter@frettabladid.is

Danski tónlistarmaðurinn Povl Dissing er látinn. Hann var einna þekktastur fyrir samstarf við danska ljóðskáldið Benny Andersen. Hann var 84 ára gamall.

Povl Dissing lést á heimili sínu aðfaranótt mánudags eftir langvarandi veikindi og



varði lokastundinni í faðmi fjölskyldu. Hann lætur eftir sig eiginkonu og tvo syni frá fyrra hjónabandi.

Stærsti smellur Dissings var Svantes lykkelige dag, af plötunni Svantes viser frá árinu 1973. Margir Íslendingar þekkja lagið, þar sem ljóðmælandi biður eftir kaffinu á fallegum en hversdagslegum morgni. ■



BROSTE NORDIC VANILLA
Djúpur diskur. Ø22,5 x 5 cm. **2.090 kr.**

NÝTT



KARE LEGUBEKKUR
Mjúkt drapplitað áklæði. L190 cm. **199.990 kr.**



KARE HAPPY HIPPO
Skál/bakki. 27 cm. **9.990 kr.**



KARE
Smoking gorilla stytta. 40 x 48 cm. **44.990 kr.**



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

Hér er ekki verið að sýna þverskurðinn af rokki

Tónleikahaldarar hafa lýst viðburðinum Rokk í Reykjavík 2022 sem fram fer í Kaplakrika í haust sem stærstu rokktónleikum Íslands-sögunnar. Formaður KÍTÓN, Sóley Stefánsdóttir, segir auglýsingafni tónleikanna hlægilegt.

ninarichter@frettabladid.is

Auglýsingaplakat hafnfirsku tónleikanna Rokk í Reykjavík 2022 hefur vakið mikil viðbrögð og má segja að stormur hafi orðið á samfélagsmiðlum þegar leik- og söngkonan Salka Sól Eyfeld gagnrýndi kynjahlutfall listamanna á hátiðinni opinberlega á Twitter-síðu sinni. Engin kona er sjáanleg á plakatinu.

Í gær birtist færsla á Facebook-síðu Vicky, sem síðan var afrituð á Facebook-síðu Nordic Live Event, viðburðafyrirtækisins sem stendur fyrir tónleikunum.

„Efallir væru nú með eins fallegan huga og Vicky, velkomnar á RIR 2022,“ stendur þar skrifað yfir ljósmynd af rokksveitinni Vicky, sem telur þrjár konur og tvo karla. Tilfnið er viðbrögð við gagnrýninni sem hefur verið áberandi síðustu daga, eftir að tónleikahaldarar hófu að auglýsa miðasölu á viðburðinn sem hófst í gær. Þá hefur Ragga Gísla verið kynnt sem heiðursgestur.

Vicky segir halla á önnur kyn

Þar segir enn fremur: „Mikið væri óskandi að heimurinn okkar virkaði þannig að umræðan gæti snúist bara um fólk í tónlist. Við í hljómsveitinni Vicky höfum sjálf alltaf upplifað okkur sem bara vini að búa til tónlist saman, í þeirri sköpun koma hvorki sköp okkar né utanáliggjandi æxlunarfæri við sögu og hafa þar lítið vægi. Tónlist er bara tónlist,“ stendur þar.

„Staðreyndin er samt því miður sú að í heiminum fyrir utan æfingarhúsnæðið, hallar á þann hluta fólks í tónlist sem ekki er karlkyns. Við ætlum ekki að kryfja það hér en umræðan er mikilvægt [sic], aðgerðir enn mikilvægari. Það er auðveldara að breyta heiminum þegar við erum öll í sama liði og okkar framlag í þetta skiptið er sýnileikinn sem kallað er eftir.“

Þá segir: „Planið hjá okkur var að láta á Vicky kræla með haustinu, jafnvel með nýju efni, svo tímasetningin er góð og við erum drullu gröð í að spila klickað show fyrir ykkur á sturluðum tónleikum í Kaplakrika í september.“

Fannst plakatið fyndið

Sóley Stefáns er nýkjörinn formaður KÍTÓN, félags kvenna í tónlist, sem hefur að markmiði að auka sýnileika tónlistarkvenna á Íslandi og vinna að auknu jafnrétti.

Spurð um fyrstu viðbrögð við plakatinu segir Sóley: „Ég er að reyna að rifja upp þegar ég fletti á þetta. Ég held að augun hafi bara dottið út úr augntóftunum. Mér fannst þetta eiginlega fyndið, maður er svo vanur að sjá bara eina hljómsveit með konum, Kæluna eða eitthvað svoleiðis,“ segir hún. „Maður er orðinn bara sáttur með hljómsveit eða eina konu.“

Sveið yfirskriftin sárast

Sóley segir yfirskrift viðburðarins helst hafa farið fyrir brjóstið á sér. „Eins og við vitum öll þá er þetta



Sóley Stefánsdóttir tónlistarkona segir fyrirmyndir mikilvægar fyrir ungar konur í tónlist.

“**Í tilraunageiranum og klassiska geiranum eru konur miklu meira að ögra en karlar, og sama í rokki og pönki.**

búið að vera í umræðunni og þessi titill er svo merkingarþrunginn,“ segir hún og bendir á að kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar frá 1982, Rokk í Reykjavík sem titill tónleikanna visar til, hafi miðað að því að sýna gróskuna í rokktónlist á þeim tíma, og þar hafi kynjahlutfallið verið mun jafnara.

„Hér er ekki verið að sýna þverskurðinn af rokki,“ segir Sóley um fyrirhugaða tónleika í Kaplakrika. Þessi titill er svo þrunginn merkingu og svo þessi mynd, var eiginlega hlægileg,“ segir hún.

Segir fyrirmyndir mikilvægar

Sóley segist sækja innblástur til hljómsveita sem hafa konur innanborðs. „Við erum búin að fara í gegnum þessa umræðu og henda fram tugum hljómsveita sem innihalda ekki bara karlkynið,“ segir hún. „Það er heldur enginn að segja að þetta þurfi að vera kvennahljómsveitir heldur er þetta spurning um að hafa fjölbreytni.“

Sóley segist hafa hlustað mikið á rokktónlist þegar hún var unglingur og aðallega hafi verið karlmenn í þeim böndum. „Ég elskaði tónlist, en það var ekki fyrr en ég heyrði í

konum spila að ég fór sjálf að semja tónlist,“ segir hún. „Maður bara fattar ekki hvað fyrirmyndir eru mikilvægar.“

Sóley segist hafa hlegið mikið að kommentakerfinu síðustu daga. „Til dæmis þegar fólk spyr hvort að eigi þá að fá inn lélegar kvennahljómsveitir. Hver er eiginlega að ákveða hvað sé lélegt og hvað sé gott? Það er persónulegt mat hvers og eins hvað er gott. En það eru samkvæmt þessu hljómsveitir sem innihalda bara karlkynið.“

Konur ögra meira

Sóley segir að sér finnst konur vera að gera áhugaverðari hluti í tónlist sem stendur, þvert á geira. „Mér finnst konur í dag vera að gera miklu áhugaverðari tónlist en karlar. Í tilraunageiranum og klassiska geiranum eru konur miklu meira að ögra en karlar, og sama í rokki og pönki.“

Sóley segir að senan í dag sé svipuð því þegar Rokk í Reykjavík var gerð árið 1982. „Það er Þósdreifingardæmið og allt þetta anarchy for the win. Allir að taka upp á bara einn mæk, og lifi tónlistin.“

Hún bætir við að baráttan vinnst með litlum skrefum. „Þetta plakatið er svolítið extreme, og að einhver hafi bara ekki fattað hvað var í gangi. Og það hefði alveg mátt kalla þetta eitthvað annað. En það er allt í lagi að halda tónleika sem eru bara fyrir kalla í svörtum metalbolum, það er bara geggið. En mér finnst yfirskriftin ekki hafa samasemmerki þar á milli.“


Vefsvæði viðburðafyrirtækisins Nordic Live Events liggur niðri og á Facebook-síðu er vísað á miðasölu fyrirtekið sem tengilið. Ekki náðist í fulltrúa Nordic Live Events við vinnslu fréttarinnar en skráður eigandi er Magnús Guðlaugsson. ■



FISKISLÓÐ 53-55, 101 REYKJAVÍK

VILTU BREYTA TIL?

TIL SÖLU ÞEKKTASTA JÓGASTÚDÍÓ LANDSINS, ÁSAMT ÖLLUM BÚNAÐI OG TÆKJUM.



- › 550 FM JARÐHÆÐ
- › NÆG BÍLASTÆÐI
- › MIKIL LOFTHÆÐ
- › SANNGJÖRN LEIGA

Jógastöðin Sólir hefur skapað sér sem nafn sem framúrskarandi setur sem er ekki einungis vinsælt hérlandis, heldur á alþjóðlegan mælikvarða.

Í Sólum Jógastúdíói er boðið upp á fjölbreytta jóгатíma, námskeið, ráðgjöf, orkuvinnu (KAP), vinnustofur og viðburði.

Í stundaskrá er að finna fjöldan allan af tímum í heitu jóga, að viðbættu grunnjóga í óupphituðum sal, karlajóga, yin jóga (teygjur), jóga nidra (djúpslökun), hugleiðslu og tónheilun (s.s. gong, hljóðskálar og fl.).

Í Sólum eru að auki köld böð, sem hafa reynst frábærlega við hinum ýmsu kvillum, bæði andlegum og líkamlegum s.s. kvíða og bólgu í líkamanum.



ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR

Hannes

Löggiltur fasteignasali

699 5008

Hannes@fastlind.is

LIND

FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Bakþankar

Láru G. Sigurðardóttur

Hugsjúk hjón

Við hjónin eigum það sameiginlegt að vera með vesen á veitingastöðum. Hann er með óþol fyrir mjólk, ég hveiti. Íðulega komum við að tómum kofanum hjá þjónustufólkinu, sem skýst þá inn í eldhús og snýr til baka með tillögur frá kokkinum. Talsverður tími og orka fer í að finna út hvað skal panta.

Fæðuóþolið hefur fylgt okkur frá barnsaldri. Við vorum bæði með iðrakveisu og önnur hvítleið einkenni en áttuðum okkur ekki á samhenginu fyrr en við eignuðumst börn. Drengirnir okkar erfðu nefnilega óþolið – margfalt. Einn var vannærður með stöðugan niðurgang, annar með sífelld uppköst, en sá þriðji slapp fyrir horn því þá vissum við betur. Á þessum tíma var fát um svör í læknavísindunum. Við vorum lánsöm að lenda loks á barnalækni sem þekkti álíka dæmi og ráðlagði okkur að taka öll mjólkurprótein úr fæðu þeirra. Eftir tvo mánuði voru þessi veikindi úr sögunni.

Matarval hefur gríðarleg áhrif á heilsuna, en þrátt fyrir það upplifi ég okkur ósjaldan sem hugsjúku hjónin. Á fæðuóþolsleiðangrinum hef ég mætt mörgum vantrúuðum sem í orði eða æði reyna að sannfæra mig um að þetta sé ímyndunarveiki; engin vísindi á bak við slíkt óþol. Góðu heilli hefur fæðuóþolsfræðunum fleygt hratt fram síðustu tuttugu árin og nú er oft hægt að greina óþol með rannsóknunum. Áhugavert væri að vita hve mörgum líður bara skítsæmlega vegna ógreinds fæðuóþols.

Viða erlendis er venja að merkja matseðla á veitingastöðum með helstu ofnæmis- og óþolsvöldum. Þótt við séum orðin vön hlutverkinu sem hugsjúku hjónin væri hjálplegt ef veitingastaðir á Íslandi tækju upp sama sið. ■

pappír
umhverfið
prentun

LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is

islenskt.is

Tómatur

Í þínu besta formi.

Borðaðu hann í heilu lagi; skorinn í tvennt, í báta eða þunnar sneiðar eða maukaðu hann í djúsí sósu með pastanu.

Vatnsmælirinn: **Tómatur**

94% íslenskt vatn

Íslenskt grænmeti

Þú veist hvaðan það kemur